

Maí 2020



Suðurnes

Stöðumat og aðgerðaáætlun
um eflingu þjónustu ríkisins



Stjórnarráð Íslands

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Reykjavík 20 maí 2020

Höfundar:

Starfshópur um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum

Útgefandi:

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Forsíðumynd:

Garðskagaviti eldri

©2019 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

ISBN 978-9935-494-09-2

Efnisyfirlit

1. Vaxtarsvæðið Suðurnes.....	7
1.1 Um verkefnið.....	7
1.2 Vinna starfshópsins.....	8
1.3 Skilgreining á vaxtarsvæði.....	8
1.4 Fjölgun íbúa.....	8
1.5 Áhrifavaldar.....	9
2. Stöðumat.....	11
2.1 Samfélagsleg áhrif fólksfjölgunar á svæðinu.....	11
2.1.1 Áhrif á þjónustu, innviði og fleira.....	11
2.1.2 Efnahagsleg áhrif.....	13
2.2 Samsetning íbúa – mismunandi þarfir með tilliti til stöðu, aldurs og móðurmáls.....	16
2.3 Hafa fjárframlög til ríkisstofnana á svæðinu fylgt þróun byggðamála og fólksfjölgun.....	20
2.3.1 Heildarfjárveitingar.....	20
2.3.2 Einstakir málaflokkar.....	21
2.3.3 Áskoranir fyrir einstakar stofnanir.....	24
2.4 Áhrif niðursveiflu í ferðaþjónustu og færri flugferða um Keflavíkurflugvöll á sveitarfélögin á svæðinu.....	25
2.4.1 Atvinnumál.....	25
2.4.2 Áhrif á starfsemi sveitarfélaganna.....	27
3. Niðurstaða og aðgerðaáætlun.....	29
3.1 Aðgerðaáætlun.....	31
3.1.1 Þjónusta.....	31
3.1.2 Atvinna.....	34
3.1.3 Samfélag.....	35
3.1.4 Menntun.....	36
3.1.5 Yfirlit aðgerðaáætlunar.....	40
Fylgiskjal 1 Byggðastofnun. Stigun vaxtarsvæða vor 2020.....	41
Fylgiskjal 2 Greiningar frá ráðuneytum og svör við spurningum starfshóps.....	42
Heilbrigðisráðuneytið.....	42
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	43
Félagsmálaráðuneytið.....	45
Samgönguráðuneytið.....	47
ISAVIA.....	48

Yfirlit yfir myndefni

Myndir

Mynd 1 Þróun íbúafjölda á Suðurnesjum 2013-2020	9
Mynd 2 Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda eftir landsvæðum 2013–2020.....	9
Mynd 3 Fjöldi ferðamanna um Keflavíkurflugvöll árin 2013–2020	10
Mynd 4 Atvinnutekjur á mann á Suðurnesjum 2008-2018	14
Mynd 5 Þróun skatttekna 2008-2019 1. ársfjórðungur	15
Mynd 6 Atvinnutekjur í % tengdar ferðaþjónustu 2018	16
Mynd 7 Aldursdreifing íbúa á Suðurnesjum 2020	17
Mynd 8 Kynjaskipting á Suðurnesjum eftir aldurshópum 2020	17
Mynd 9 Aldursdreifing erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum 2020	18
Mynd 10 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Suðurnesjum 2018.....	19
Mynd 11 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Suðurnesjum 25-64 ára 2018	19
Mynd 12 Þróun atvinnuleysis á Suðurnesjum 2010-2020.....	26
Mynd 13 Aukning atvinnuleysis frá febrúar til mars 2020	27
Mynd 14 Þróun skuldastöðu sveitarfélaga.....	28

Töflur

Tafla 1 Vöxtur á útgjöldum sveitarfélaga á svæðinu til fræðslumála.....	12
Tafla 3 Skipting tekna á atvinnugreinum 2012 og 2017.....	15
Tafla 4 Þróun fjárveitinga til stofnana á Suðurnesjum 2014-2020	21
Tafla 5 Greining styrkleika og veikleika Suðurnesja.....	30
Tafla 6 Yfirlit yfir aðgerðatillögur starfshópsins.....	40
Tafla 7 Stigun vaxtarsvæða.....	41
Tafla 8 Nemendafjöldi Fjölbrautaskóla Suðurlands 2016-2020	44
Tafla 9 Vega- og hafnarframkvæmdir á áætlun 2020-2024.....	47
Tafla 10 Verkefnaáætlun framkvæmda ISAVIA 2020-2021	48

[Texti - það eru kaflaskil í þessari línu – ekki eyða henni]

1. Vaxtarsvæðið Suðurnes

1.1 Um verkefnið

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2018 var skilgreind sérstök aðgerð fyrir vaxtarsvæði. Aðgerðin um vaxtarsvæði felur í sér að komið verði á fót samráðsteymum ráðuneyta, viðkomandi sveitarfélaga, Bygðastofnunar og eftir atvikum fleiri aðila fyrir þau svæði sem skilgreind eru sem vaxtarsvæði utan höfuðborgarsvæðisins. Suðurnes, suðurfirðir Vestfjarða og Árnessýsla eru dæmi um slík svæði. Verkefni samráðsteymanna eiga að felast í því að undirstrika áskoranir sem svæði standa frammi fyrir og leiða saman lykilaðila um stefnumótun og aðgerðir fyrir svæði til lengri og skemmri tíma.

Unnið hefur verið að undirbúningi verkefnisins í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, í samstarfi við Bygðastofnun, sem meðal annars felur í sér að skilgreina vaxtarsvæði og afmarka framkvæmd aðgerða.

Þann 19. júní 2019 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að skipa starfshóp fulltrúa sveitarfélaga á Suðurnesjum og fimm sérfræðinga úr forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti (nú félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti) til að vinna tímasetta aðgerðaáætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun á svæðinu.

Í framhaldi af undirbúningsvinnu ráðuneytisins og með hliðsjón af ályktun Alþingis skipaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, í ágúst 2019, starfshóp til að vinna að framgangi verkefnisins og vera um leið formlegt samráðsteymi með vísan til byggðaáætlunar.

Starfshópurinn er skipaður eftirtöldum fulltrúum:

- Sigtryggur Magnason, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, formaður
- Anna Katrín Einarsdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
- Berglind Kristinsdóttir, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Fannar Jónasson, Grindavíkurbæ
- Ingbór Guðmundsson, Sveitarfélaginu Vogum
- Kjartan Már Kjartansson, Reykjanesbæ
- Magnús Stefánsson, Suðurnesjabæ
- Pétur Berg Matthíasson, forsætisráðuneyti
- Helga Haraldsdóttir, heilbrigðisráðuneyti
- Steinunn Sigvaldadóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti
- Þórarinn V. Sólmundarson, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Með starfshópnum störfuðu Hanna Dóra Hólm Másdóttir sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Laufey Kristín Skúladóttir og Sigurður Árnason sérfræðingar frá Byggðastofnun.

1.2 Vinna starfshópsins

Meginverkefni hópsins er annars vegar að vinna aðgerðaáætlun í samræmi við ályktun Alþingis og hins vegar að starfa sem formlegt samráðsteymi um málefni svæðisins. Unnið hefur verið á grundvelli verkefnisáætlunar þar sem miðað var við að fyrsta áfanga verkefnisins, þ.e. skil á skýrslu til Alþingis, yrði lokið í apríl 2020.

Starfshópurinn hélt fimm fundi á tímabilinu desember 2019 til maí 2020 og kallaði eftir gögnum frá ýmsum aðilum.

Vinna starfshópsins fólst í upplýsingaöflun og fundum með fulltrúum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga. Margvíslegar upplýsingar hafa verið teknar saman af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Byggðastofnun, Vinnumálastofnun og ráðuneytum.

1.3 Skilgreining á vaxtarsvæði

Byggðastofnun hefur sett fram skilgreiningu á því hvaða eiginleikar þurfi að vera fyrir hendi til að svæði geti talist vaxtarsvæði. Byggt er á ákveðnum forsendum sem hafa með þróun atvinnutekna að gera, útsvarsstofns, mannfjölda og fjölda starfandi á vinnumarkaði (sjá nánar töflu í fylgiskjali 1).


Þegar þessir þættir eru skoðaðir eftir landshlutum og einstaka svæðum er ljóst að Suðurnes sker sig úr þegar horft er til síðustu ára. Atvinnutekjur hafa á tímabilinu 2015-2018 aukist um rúmlega 48% en landsmeðaltal um ríflega 25% á sama tímabili. Útsvarsstofn á íbúa hefur aukist um 50% en vöxtur á landsvísu var 29,4%. Aukning á íbúafjölda Suðurnesja var 16% á tímabilinu 2017–2020 á sama tíma og íbúafjöldi á landsvísu jókst um 7,6%. Fjöldi starfandi fólks á vinnumarkaði á Suðurnesjum jókst um tæp 18% á árunum 2017–2020 en landsmeðaltal var um 6%.

Miðað við skilgreiningar Byggðastofnunar þarf svæði að ná 10+ stigum til að vera skilgreint sem mikið vaxtarsvæði. Svæði með 6-9 stig teljast vera veruleg vaxtarsvæði. Ofangreindar niðurstöður gefa Suðurnesjum samtals 12 stig sem skilgreinir svæðið ekki einungis mikið vaxtarsvæði, heldur þar á ofan mesta vaxtarsvæði landsins. Næstu svæði á eftir eru Skaftafellssýslur með 10 stig. Þá er hægt að skilgreina Árnassýslu og Rangárvallasýslu sem veruleg vaxtarsvæði með sex og sjö stig. Höfuðborgarsvæðið, suðursvæði Vesturlands og Þingeyjarsýslur teljast einnig vera vaxtarsvæði en þau mælast með fjögur stig.

1.4 Fjölgun íbúa


Ef rýnt er nánar í þróun íbúafjölda kemur í ljós að fjölgun hefur verið um 31,2% eða 6.623 íbúa frá ársbyrjun 2013 til ársbyrjunar 2020. Á sama tímabili hefur landsmönnum fjölgað um 13% eða 42.277 íbúa. Ef litið er lengra aftur í tímann,

eða til ársins 1998, og fram til dagsins í dag þá hefur íbúum Suðurnesja fjölgað um 77,1%.



Mynd 1 Þróun íbúafjölda á Suðurnesjum 2013-2020

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 2 Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda eftir landsvæðum 2013–2020

Heimild: Hagstofa Íslands

Á Suðurnesjum hefur verið viðvarandi fólksfjölgun um langt skeið en mikið vaxtarskeið var einnig á árunum fyrir hrun og reyndi þá jafnframt á innviði og þjónustustofnanir.


1.5 Áhrifavaldar

Helsti áhrifavaldur þessarar þróunar er uppgangur ferðaþjónustunnar og vöxtur Keflavíkurflugvallar. Ísavia hefur bent á að til hafi orðið um 4.500 ný störf á flugvellinginum á tímabilinu 2017 til 2020. Talið er að um sex þúsund manns hafi starfað á flugvellinginum sumarið 2017 og eru þá ótalin afleidd störf á svæðinu.

Í ritgerðinni *Áhrif Keflavíkurflugvallar á atvinnu- og íbúapróun á Suðurnesjum* er bent á þetta samspil og þar segir m.a.: „Þar sem Keflavíkurflugvöllur er staðsettur á Suðurnesjum og flestir erlendir ferðamenn koma til landsins í gegnum flugvöllinn, þá jókst atvinnuframboð mikið á stuttum tíma. Ásamt því að ýmis önnur atvinnutækifæri opnuðust í tengslum við flugvöllinn og annars konar ferðaþjónustu. Gríðarlegur uppgangur hefur orðið á Suðurnesjum í kjölfar þessarar þróunar og mikil fólksfjölgun á svæðinu.“ (Eydís Rós Ármannsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir, Líf- og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands, 2018, bls. 21-22.) Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu fara yfir 98% allra erlendra ferðamanna sem koma til landsins um flugvöllinn.

Bent er á að stórir vinnustaðir líkt og flugvellir geti haft töluverð áhrif á byggða- og efnahagsþróun svæða: „Flugvellir geta verið mjög mikilvægir fyrir svæði og eru þeir meðal stærstu ríkisfjárfestinga. Þannig geta svæði bætt tengingu sína við hið hnattræna efnahagskerfi“ (sama heimild, bls. 4.) Þetta er m.a. þekkt frá svæðum eins og við Gardemoen í Noregi og Schiphol flugvöll í Hollandi.

Eftirfarandi mynd sýnir fjölda ferðamanna um Keflavíkurflugvöll frá árinu 2013. Myndin sýnir gífurlegan vöxt á fyrri hluta tímabilsins en einnig samdrátt sem hófst árið 2019, m.a. vegna gjaldþrots flugfélagsins Wow air, og svo algert hrun í ár vegna Covid-19 faraldursins.



Mynd 3 Fjöldi ferðamanna um Keflavíkurflugvöll árin 2013–2020.

Heimild: Mælaborð ferðaþjónustunnar

Ekki sér fyrir endann á þróun mála tengdum Covid-19 faraldrinum, en fylgjast þarf vel með þróuninni og meta framvinduna, m.a. hvað varðar áhrif á sveitarfélögin og getu þeirra til að takast á við áskoranir á sama tíma og tekjur lækka og útgjöld kunna að aukast.

2. Stöðumat

Samkvæmt þingsályktun um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum skal starfshópurinn vinna aðgerðaáætlun um hvernig efla megi þjónustu ríkisins við íbúa á Suðurnesjum og mæta mikilli fólksfjölgun á svæðinu. Meðal þess sem hópurinn skal leggja til grundvallar aðgerðaáætluninni er mat á eftirfarandi þáttum:

- 1) samfélagslegum áhrifum fólksfjölgunar á svæðinu,
- 2) samsetningu íbúa og mismunandi þörfum þeirra með tilliti til stöðu, aldurs, móðurmáls o.fl.,
- 3) hvort fjárframlög til ríkisstofnana á svæðinu hafi fylgt þróun byggðamála og fólksfjölgun, og
- 4) áhrifum af niðursveiflu í ferðaþjónustu og færri flugferða um Keflavíkurflugvöll á sveitarfélögin á svæðinu.

Nánar er fjallað um þessa þætti í eftirfarandi köflum.

2.1 Samfélagsleg áhrif fólksfjölgunar á svæðinu

2.1.1 Áhrif á þjónustu, innviði og fleira

Samfélagsleg áhrif fólksfjölgunar á svæðinu hafa ekki verið greind heildstætt. Ein af tillögum hópsins er að það verði gert sem fyrst en sveitarfélögin á svæðinu hafa jafnframt kallað eftir slíkri rannsókn.

Aðstæður og viðfangsefni eru á hinn bóginn þekkt í grófum dráttum. Áhrifin eru engu að síður ljós. Í ritgerðinni *Áhrif Keflavíkurflugvallar á atvinnu- og íbúaþróun á Suðurnesjum* segir: „Vaxtarverkir eru staðreynd í samfélaginu á Suðurnesjum, hvort sem horft er til atvinnuþróunar, íbúaþróunar, þróunar í húsnæðismálum eða félagslegum málum. Það er í mörg horn að líta. Mikilvægt er að huga að þessari hröðu þróun þar sem enginn vill að hún endi á slæman hátt. Það þarf að skoða og rýna í spár og passa að fara ekki fram úr þeim [...]. Það þarf því að passa vel upp á væntingar og skoða vel framtíðaráætlanir.“ (bls. 46)

Starfshópurinn skiptir áhrifum fólksfjölgunarinnar á samfélagið í þrennt.

Áhrif á þjónustu

Í fyrsta lagi hefur fólksfjölgunin haft áhrif á þjónustu. Þessi mikli og hraði vöxtur hefur kallað á verulega þörf og eftirspurn eftir þjónustu bæði ríkis og sveitarfélaga.

Ef horft er á sveitarfélögin sértaklega þá má nefna að fjöldi barna á grunnskólaaldri jókst um 15% á 10 ára tímabili frá 2010 en aukning á landsvísu var um 8%. Vöxtur á þessu aldursbili umfram landsmeðaltal er því um 220 íbúar. Sé miðað við að 22 nemendur séu að jafnaði í bekkjardeild er um 10 bekkjardeildir að ræða umfram landsmeðaltal, eða sem nemur einum grunnskóla.

Meðfylgjandi mynd sýnir vöxt á útgjöldum sveitarfélaga á svæðinu til fræðslumála. Samkvæmt henni vaxa útgjöld meira en sem nemur landsmeðaltali, óháð því hvaða tímabil eru borin saman.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Breyt. 13/18	Breyt. 16/18
2000 Reykjanesbær	3.965.295	4.279.017	4.825.982	5.107.057	5.650.529	6.310.225	59%	24%
2300 Grindavíkurbær	1.007.207	1.061.654	1.225.741	1.324.314	1.457.655	1.488.903	48%	12%
2506 Sveitarfél. Vogar	388.415	412.919	450.008	479.829	513.891	549.881	42%	15%
2510 Suðurnesjabær	1.220.199	1.212.112	1.310.982	1.354.918	1.540.129	1.714.131	40%	27%
Suðurnes samtals	6.581.116	6.965.701	7.812.714	8.266.117	9.162.204	10.063.140	53%	22%
Landið allt	96.131.997	104.307.863	115.536.972	121.963.193	133.217.707	143.465.987	49%	18%

Tafla 1 Vöxtur á útgjöldum sveitarfélaga á svæðinu til fræðslumála

Heimild: Upplýsingaveita sveitarfélaga

Félagsþjónusta sveitarfélaga hefur einnig þurft að takast á við áskoranir samfara þessum mikla vexti. Barnaverndarmálum hefur t.d. fjölgað í Suðurnesjabæ, en Keflavíkurflugvöllur er í lögsögu barnaverndarnefndar sveitarfélagsins. Þetta hefur skapað mikið álag á starf að barnaverndarmálum og töluverðan kostnað fyrir sveitarfélagið. Kallað er eftir nánara samstarfi um þessi mál og greiningu á kostnaðarskiptingu.

Fram kemur í stöðugreiningu Byggðastofnunar fyrir Suðurnes (2019) að fjöldi erlendra ríkisborgara margfaldaðist á tímabilinu 1998–2019 og fór úr því að vera um 300 í rúmlega 4.900. Í Reykjanesbæ hefur um fjórðungur íbúa erlent ríkisfang og í hinum sveitarfélögnum þremur er hlutfallið á bilinu 13–16%. Árið 1998 var hlutfallið á Suðurnesjum aftur á móti á bilinu 1,5–3,2%. Ljóst er að þetta kallar á margvíslega þjónustu, s.s. túlkaþjónustu, upplýsingagjöf o.fl.

Hvað þjónustu ríkisins varðar má t.d. mæla þennan vöxt í fjölda íbúa á menntaskólaaldri, sem var 8 prósentustig umfram landsmeðaltal á sama tímabili. Aðsókn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur aukist þessu samfara.

Komur á heilsugæsluhluta Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hefur einnig aukist talsvert, eins og sjá má á meðfylgjandi töflu.

	2016	2017	2018	2019
Heilsugæslan Grindavík	5.229	5.668	5.476	5.479
Heilsugæslan Reykjanesbæ	66.003	69.224	72.127	75.619
Heilsugæslan Vogum	94	43	102	139
Samtals	71.326	74.935	77.705	81.237

Tafla 2 Komur á heilsugæsluhluta Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 2016–2019

Heimild: Embætti landlæknis – samskiptaskrá heilsugæslustöðva 16.4.2020.

Fjöldi fæðinga á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur sömuleiðis aukist um 36% frá 2015 til 2019, en legudögum legudeilda fækkað á sama tíma um 24%.

Varðandi opinbera þjónustu njóta íbúar Suðurnesja nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Af 1.213 framhaldsskólanemendum á Suðurnesjum sækja um 350 nemendur nám til höfuðborgarinnar eða tæp 30% haustið 2019. Um 3.000 íbúar svæðisins voru skráðir á heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða 11% íbúa og sókn annað vegna annarrar þjónustu svo sem til læknavaktar og barnalækna. Þessi staðreynd hefur eða kann einnig að hafa haft áhrif á fjárveitingar til þjónustustofnana á svæðinu. Rétt er að kanna ástæður þessa fjölda sem sækir þjónustu utan heimabyggðar og hvort tilefni er til að bregðast við, t.d. með breyttri þjónustu og framboði.

Áhrif á innviði

Skipulagsmál og innviðaupbygging hefur einnig verið fyrirferðarmikil vegna þessa mikla íbúavaxtar. Þörf fyrir uppbyggingu nýrra íbúða og atvinnuhúsnæðis hefur margvaldast, sem og þörf fyrir uppbyggingu opinberra innviða. Í ritgerðinni *Áhrif Keflavíkurflugvallar á atvinnu- og íbúðaþróun á Suðurnesjum* segir: „Þessi mikla fólksfjölgun á svæðinu hefur leitt til þess að fólk er farið að kvarta undan húsnæðisvanda og verðlagi. Íbúðaverð á Suðurnesjum hefur hækkað um 50% frá árinu 2016 og er útlit fyrir að eftirspurn eftir húsnæði muni ekki fara minnkandi á næstu árum. Miðað við skipulagsáætlanir sveitarfélaganna er talið að það eigi að vera hægt að anna eftirspurninni til lengri tíma en þar sem vöxturinn er mjög hraður núna þá mun það ekki verða strax að veruleika.“ (bls. 17-18) Fjöldi íbúða hefur einnig aukist mikið.

Það hefur þó hjálpað að mikið húsnæði var tiltækt á Ásbrú og hefur það nýst vel til að mæta þeirri miklu eftirspurn sem hefur verið eftir húsnæði á Suðurnesjum síðustu árin. Þar hefur myndast grundvöllur fyrir frumkvöðlastarf og þróun atvinnulífs, með um 3400 íbúum og yfir 1000 starfsmönnum hjá 150 fyrirtækjum sem flest eru lítil eða meðalstór á íslenskan mælikvarða. Mikilvægi nýsköpunar og frumkvöðlastarf er lykillinn að því að fjölga atvinnumöguleikum.

Í nýju rammaskipulagi fyrir Ásbrú (mars 2020) er horft til þess að byggðar verði um 4000 íbúðir á Ásbrú á þéttingarsvæðum og nýju landi til ársins 2050. Þannig yrði Ásbrú um 14.000 íbúa hverfi árið 2050.

Áhrif á afþreyingu og félags- og menningarstarfsemi


Í þriðja lagi eru áhrif sem tengjast afþreyingu og menningarstarfsemi, sem hafa ekki verið skoðuð að neinu marki. Mikill fjöldi ferðamanna kallar einnig á margvíslega þjónustu hins opinbera, en uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu hefur verið talsverð á svæðinu.

Áhrifin af þessum mikla vexti hafa verið umtalsverð fyrir allt samfélagið og rík ástæða er til að kanna þau á markvissan hátt, sbr. tillögu í aðgerðaáætlun.

2.1.2 Efnahagsleg áhrif

Stóraukin umsvif á Keflavíkurflugvelli síðustu árin hafa haft mikil áhrif á hagkerfið allt á Suðurnesjum.


Í stöðugreiningu Byggðastofnunar fyrir landshlutann kemur fram að atvinnutekjur á mann lækkuðu verulega í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Þróun tekna hefur elt landsmeðaltalið síðan og smám saman færst nær því síðustu ár. Atvinnutekjur á mann á Suðurnesjum námu tæplega 3,5 milljónum kr. 2018 og þá um 150 þúsund kr. undir landsmeðaltali. Búast má við svipaðri þróun nú og var í kjölfar efnahagshrunsins – að bilið breikki milli Suðurnesja annars vegar og landsmeðaltalsins hins vegar.



Mynd 4 Atvinnutekjur á mann á Suðurnesjum 2008-2018

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Þegar hlutfallsleg þróun skatttekna sveitarfélaganna á Suðurnesjum er skoðuð í samanburði við önnur sveitarfélög landsins kemur svipuð mynd í ljós. Sveitarfélögin voru í miklum vexti árin fyrir hrun en skatttekjur fóru nokkuð undir landsmeðaltal eftir hrunið. Þá má sjá vöxt í skatttekjum samhliða auknum umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Áætlaður vöxtur í skatttekjum sveitarfélaga á Suðurnesjum milli ára 2018 og 2019 verður rétt um 2% þegar hann er áætlaður um 4% á landsvísu. Það sýnir nán tengsl á milli umsvifa á Keflavíkurflugvelli og tekna sveitarfélaganna á svæðinu.



Mynd 5 Þróun skatttekna 2008-2019 1. ársfjórðungur

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands


Umsvif atvinnugreina frá einu tímabili til annars gefa vísbendingar um þróun efnahagsmála á einstökum svæðum. Árið 2012 voru ferðaþjónusta, verslun, veitingar og samgöngur um 28% af umsvifum atvinnugreina á Suðurnesjum en árið 2017 var hlutfallið komið í 43%.

Skipting á atvinnugreinar 2012 og 2017	Hbsvæðið	Hbsvæðið	Landsbyggð	Landsbyggð	Suðurnes	Suðurnes
	2012	2017	2012	2017	2012	2017
Landbúnaður og fiskeldi	0%	0%	3%	3%	1%	1%
Sjávarútvegur	3%	1%	25%	15%	26%	13%
Iðnaður	8%	7%	16%	13%	4%	4%
Verslun, hótél, veitingar, samgöngur, fjarskipti og leiga	25%	32%	16%	26%	28%	43%
Byggingar og veitur	11%	12%	10%	13%	12%	14%
Fjármál, fasteignir og sérfr. þj.	28%	24%	9%	8%	10%	8%
Opinber þjónusta	21%	21%	19%	21%	17%	16%
Ýmis starfsemi	3%	3%	2%	2%	1%	1%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 3 Skipting tekna á atvinnugreinar 2012 og 2017

Heimild: Byggðastofnun

Þá nema atvinnutekjur af ferðaþjónustu á Suðurnesjum 37,7% af atvinnutekjum svæðisins, sbr. eftirfarandi mynd. Þær eru hæstar í Reykjanesbæ.



Mynd 6 Atvinnutekjur í % tengdar ferðapjónustu 2018

Heimild: Byggðastofnun


Stórauvin umsvif í kringum Keflavíkurflugvöll og mikil fólksfjölgun samhliða þeim hafa haft gríðleg efnahags- og samfélagsleg áhrif.

2.2 Samsetning íbúa – mismunandi þarfir með tilliti til stöðu, aldurs og móðurmáls

Suðurnesin hafa ákveðna sérstöðu í sögu byggðar á Íslandi. Hvergi á landinu hefur sambýli við erlent herlið staðið jafn lengi og mótað samfélagið jafn mikið. Herstöðin var á sínum tíma sjötti stærsti byggðarkjarni landsins. Nú heitir það svæði Ásbrú og er eitt hverfi Reykjanesbæjar, sem er fjórði stærsti byggðarkjarni landsins, eftir gríðarlegan vöxt á undanförunum árum. Vöxtinn má eins og áður sagði að mestu tengja við gríðarlega aukningu farþegafjölda í gegnum Keflavíkurflugvöll, vöxt ferðapjónustunnar á Íslandi og eftirspurn eftir vinnuaflum því tengt.

Það er mat starfshópsins að fyrir utan hina miklu fólksfjölgun á Suðurnesjum skeri svæðið sig frá öðrum landshlutum í þrennum skilningi hvað lýðfræðilega samsetningu varðar.


Í fyrsta lagi býr herra hlutfall íbúa á aldrinum 20–45 ára á Suðurnesjum en annars staðar á landinu.



Mynd 7 Aldursdreifing íbúa á Suðurnesjum 2020

Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Í öðru lagi er munur á kynjaskiptingu. Á Íslandi eru karlar fjölmennari en konur en munurinn er meiri á Suðurnesjum en annars staðar á landinu. Síðustu ár hefur körlum fjölgað meira en konum og í upphafi árs 2019 voru karlar orðnir 1.935 fleiri en konur og hlutfall karla á Suðurnesjum 53,5% en kvenna 46,5%. Mestur er munurinn á hlutfallinu í aldurshópnum 20–29 ára og 30–39 ára en er einnig allnokkur í aldurshópnum 40–49 ára. Ástæða þessa munar má að mestu leyti rekja til þess að karlar með erlent ríkisfang eru mun fleiri en konur og yfirgnæfandi meirihluti þeirra er á þessu aldersbili.



Mynd 8 Kynjaskipting á Suðurnesjum eftir aldurshópum 2020


Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Í þriðja lagi er hlutfall erlendra ríkisborgara hærra en í öðrum landshlutum, til að mynda eru íbúar í Reykjanesbæ með 92 mismunandi ríkisföng. Árið 2019 var

ríflega fimmti hver íbúi Reykjanesbæjar með erlent ríkisfang. Í hinum sveitarfélögnum þremur var hlutfallið 13-16%. Þann 1. janúar 2019 var hlutfall erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum rúm 22,3% á sama tíma og landsmeðaltal var 12,4%. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfallið 11,9% íbúanna. Á árunum 1998–2019 fjölgaði erlendum ríkisborgurum á Suðurnesjum úr 300 í 4.900 og voru þeir síðan orðnir 6.720 talsins þann 31. mars sl.

Karlar eru 61,6% erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum, konur eru 38,4%. Þegar litið er til landsins alls eru karlar með erlent ríkisfang á hinn bóginn 58,7% þannig að Suðurnesin skera sig úr hvað þetta varðar.

Aldursdreifing erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum er svipuð og á landinu í heild. Bæði á Suðurnesjum og á landsvísi eru 84,2% allra erlendra ríkisborgara á vinnualdri eða 20-64 ára. Eldri borgarar eru mjög fáir í hópi erlendra ríkisborgara og á Suðurnesjum eru þeir ríflega 1%.



Mynd 9 Aldursdreifing erlendra ríkisborgara á Suðurnesjum 2020


Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Um þessar mundir eru um 35% íbúa Reykjanesbæjar af erlendum uppruna og koma frá fjölda þjóðlanda, sbr. upplýsingar sem fram koma í ritgerðinni *Áhrif Keflavíkurlugvallar á atvinnu- og íbúabróun á Suðurnesjum*. Þar segir líka að í grunnskólum bæjarins séu börn af um fjölmörgum þjóðernum og tali yfir 40 tungumál. Þessi mikla fjölbreytni kallar á breyttar áherslur og í þeim felast ýmsar áskoranir fyrir kennara og aðra starfsmenn skólanna.

Stöðumat Byggðastofnunar leiðir einnig í ljós að um 2/3 af íbúaaukningu í Reykjanesbæ á tímabilinu 2013 til 2018 voru íbúar með erlent ríkisfang.

Að endingu má nefna mun á menntun karla og kvenna. Samanburður Byggðastofnunar byggist á gögnum Hagstofunnar um menntunarstig á árinu 2018. Þar kemur fram að hlutfall karla á Suðurnesjum sem einungis er með grunntmenntun er í hærrí kantinum af öllum landshlutum eða 37% árið 2018. Hlutfall starfsmenntunar í framhaldskólum, en undir þennan flokk fellur ýmis


iðnmenntun og fleiri greinar, er lágt eða 34% sem er lægra en annars staðar á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Hlutfall karla með bóknað frá framhaldsskóla er það sama og á höfuðborgarsvæðinu eða 10% sem er einu prósentustigi yfir meðallagi. Grunnám í háskóla er aftur á móti í lægri kantinum, framhaldsmenntun í háskóla er svipað og á Norðurlandi eystra og Suðurlandi, en verulega meiri en annars staðar á landsbyggðinni. Framhaldsmenntun á háskólastigi er á hinn bóginn 12 prósentustigum lægri en á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 10 Hlutfallsleg skipting á menntun karla 25-64 ára á Suðurnesjum 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Hvað menntunarstig kvenna í sömu aldursflokkum varðar, þ.e. 25-64 ára, þá kemur einnig í ljós munur á milli svæða. Hlutfall kvenna á Suðurnesjum sem er einungis með grunnmenntun er hæst á landinu eða 37%. Starfs- og bóknám í framhaldsskóla er yfir meðaltali. Grunnám í háskóla er langlægst á landinu, 18% eða 6 prósentustigum lægra en á Norðurlandi vestra þar sem það er næst lægst. Á móti kemur að framhaldsnám í háskóla er svipað og víðast annars staðar á landinu utan höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 11 Hlutfallsleg skipting á menntun kvenna á Suðurnesjum 25-64 ára 2018

Heimild: Hagstofa Íslands

Þessir fjórir þættir sýna að mörgu leyti annað mynstur fyrir Suðurnes en er að finna í öðrum landshlutum. Samsetningin kann þó að vera sambærileg og er á öðrum vaxtarsvæðum, svo sem á mið-Suðurlandi. Starfshópurinn hefur aftur á móti ekki gögn eða forsendur til að meta sérstaklega hvernig þessi ólíka mynd hefur áhrif á þjónustu ríkis og sveitarfélaga, en full þörf er á að kanna það í framhaldsvinnu samráðsteymisins. Kanna þarf betur hvaða mismunandi þarfir þessi samsetning íbúa kallar á með tilliti til stöðu, aldurs, miklum margbreytileika af þjóðernislegum toga og þar með ólíkum móðurmálum.

2.3 Hafa fjárframlög til ríkisstofnana á svæðinu fylgt þróun byggðamála og fólksfjölgun

2.3.1 Heildarfjárveitingar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Reykjanesbær hafa reglulega tekið saman yfirlit yfir fjárveitingar Alþingis til ríkisstofnana á svæðinu og borið saman við íbúapróun. Komið hefur fram að fjárveitingar tengist ekki nógu vel þróun íbúafjölda og byggi þannig ekki á lýðfræðilegum forsendum. Þá hefur sambandið bent á að á mörgum sviðum sé framlag á íbúa mun lægra en gildir fyrir aðra landshluta. „Í dag er það staðreynd að hið opinbera virðist vera mjög svifaseint í að bregðast við svona mikilli fólksfjölgun líkt og hefur verið á Suðurnesjum. Það er mikilvægt að hið opinbera nái að tryggja það að fjárframlög til stofnana á svæðinu nái að halda í við þessa fólksfjöldaþróun ef fólk á að búa við sömu lífsgæði, en í dag þá skortir þetta“, segir í ritgerðinni *Áhrif Keflavíkurflugvallar á atvinnu- og íbúapróun á Suðurnesjum* (bls. 46) Það kann þó að vera að þessi mynd hafi breyst frá því að þessi fullyrðing er sett fram og að þetta eigi ekki við um alla málaflokka, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hvað varðar opinbera þjónustu er nokkuð skýr. Sveitarfélögin annast þjónustu við börn og unglinga, barnavernd, rekstur leikskóla og grunnskóla, málefni fatlaðs fólks, frístunda- og tómstundastarf, félagsþjónustu, menningarmál og verkefni á sviði umhverfis-, skipulags- og byggingarmála. Þau reka jafnframt ýmsa innviðastarfsemi eins og veitur og götur í þéttbýli.

Aðkoma ríkisins snýr að rekstri framhaldsskóla, stuðningi við starfsgreinatengda skóla (t.d. Keili) og öðrum menntaúrræðum. Þá annast ríkið rekstur heilsugæslu og sjúkrahúss og hefur umsjón með öldrunarþjónustu. Á hendi ríkisins er einnig að fjármagna dómskerfið, löggæslu og málefni sýslumanna. Vinnumarkaðsmál eru einnig í verkahring ríkisins, það sinnir uppbyggingu þjóðvegakerfisins og rekstur Keflavíkurflugvallar er í höndum opinbera hlutfélagsins Isavia.

Til að skoða þróunina nánar hafa verið tekin saman gögn um fjárveitingar til helstu stofnana og verkefna sem ríkið hefur umsjón með á Suðurnesjum.

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Breyt. 14/20	Breyt. 17/20
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	834.800	1.052.900	1.103.000	1.221.500	1.272.800	1.418.600	1.456.500	74%	19%
Fisktækniskóli Íslands	48.000	61.000	66.000	66.000	72.122	69.069	71.200	48%	8%
Fjölsmiðjan á Suðurnesjum	4.000	4.000	4.000	4.000	5.000	5.000	5.000	25%	25%
Keilir	187.530	181.822	187.957	196.489	203.421	241.700	287.400	53%	46%
Þekkingarsetur Suðurnesja	16.100	16.300	16.700	17.000	17.400	22.000	22.000	37%	29%
Miðst. símenntunar á Suðurnesjum	21.700	21.700	30.200	40.040	40.800	40.369	40.369	86%	1%
Bryn Ballet Akadémian		6.437	8.316	8.177	7.797	7.101			-100%
Náms-/ráðgjafaurræði á Suðurnesjum						95.000			
Lögreglan á Suðurnesjum	1.166.500	1.199.500	1.413.700	1.746.800	1.907.600	2.285.000	2.345.700	101%	34%
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	157.400	164.200	186.800	207.300	216.000	221.900	244.800	56%	18%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Heilsugæslusvið	986.500	1.035.600	1.180.200	944.000	1.383.900	1.637.800	1.839.700	86%	95%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Hjúkrunarsvið	242.200	251.300	279.500	295.800	313.900	326.400	335.900	39%	14%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - Sjúkrasvið	718.100	746.900	843.100	1.271.300	938.200	993.300	1.027.800	43%	-19%
Þróun reglulegra fjárveitinga	4.382.830	4.735.222	5.311.157	6.010.229	6.371.143	7.261.138	7.676.369	75%	28%
Íbúafjöldi	21.560	22.026	22.509	23.993	25.770	27.113	27.829	29%	16%

Tafla 4 Þróun fjárveitinga til stofnana á Suðurnesjum 2014-2020 á verðlagi febrúar 2020

Heimild: Ráðuneyti

Sjá má að í einstökum málaflokkum hefur þróun fjárveitinga verið í takt við þróun íbúafjölda t.d. hvað varðar um heilsugæslusvið Heilbrigðisstofnunarinnar og lögregluembættið. Það á þó ekki við um Fisktækniskóla Íslands, Sýslumanninn á Suðurnesjum, Lögreglunnar á Suðurnesjum vegna almennrar löggæslu og Sjúkra- og hjúkrunarsvið Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Frávikin í þeirri þróun í samanburði við íbúafjölda kunna að eiga sér skýringar en starfshópurinn er sammála um að ræða þurfi betur forsendur og sjónarmið þar að baki tækifæri eru til úrbóta (sjá aðgerð 1). Þá þróun er mikilvægt að skoða og rýna betur, t.d. ástæður þess að fjárveitingar fylgja ekki þróun íbúafjöldans.

Sérstakt framlag árið 2019 til námsúrræða kom til á grundvelli samnings mennta- og menningarmálaráðuneytis við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Um var að ræða tímabundinn stuðningur við náms- og ráðgjafaurræði á Suðurnesjum vegna vaxandi atvinnuleysis á svæðinu. Fjárhagsleg staða miðstöðvarinnar er sterk, sbr. það sem síðar segir.

2.3.2 Einstakir málaflokkar

Starfshópurinn sendi bréf til þeirra ráðuneyta sem hafa með ofangreinda málaflokka að gera. Þar er að finna spurningar um atriði sem ráðuneytin hafa til hliðsjónar við tillögugerð að fjárveitingum hvers árs. Meginspurningar lutu að því

hvort byggt væri á líkani við tillögugerðina þar sem horft væri til lýðfræðilegra þátta svo sem þróun íbúafjölda.

Svör ráðuneyta er að finna í fylgiskjali en í stuttu máli eru svör ráðuneytanna eftirfarandi.

Heilbrigðisráðuneytið:

- Unnið er að þróun fjármögnunarkerfis til heilsugæsluþjónustu á landsbyggðinni og mun það taka gildi í ársbyrjun 2021. Hið nýja fjármögnunarlíkan byggist á því að fjármagn til rekstrar hvernar heilsugæslustöðvar endurspeglar þann sjúklingahóp sem viðkomandi stöð þjónar. Fjárheimildum er m.a. úthlutað samkvæmt áætluðu þjónustumagni á hvern einstakling út frá einkennum hans. Kerfið mun einnig taka tillit til lýðfræðilegra aðstæðna einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslustöð.
- Fjárframlög til heilbrigðisstofnunarinnar skýrist af ýmsum þáttum og því er samanburður á framlagi á hvern íbúa á Suðurnesjum miðað við önnur heilbrigðisumdæmi ekki nógu lýsandi. Víða er um að ræða rekstur á litlum einingum á dreifbýlum svæðum sem kosta hlutfallslega meira en hagkvæmari einingar. Heilbrigðisþjónusta á Suðurnesjum svipar í raun meira til heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu heldur en heilbrigðisþjónustu í dreifbýli.
- Sérstakar fjárveitingar undanfarinna ára til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sýna að leitast hefur verið við að mæta þeim áskorunum sem þar hafa verið uppi. Þar er m.a. tínt til sérstakt framlag sem var veitt til að styrkja heimahjúkrun, tímabundið framlag til að styrkja rekstur, framlag til eflingar heilsugæslusviðs og sérstök fjárveiting til að styrkja stofnunina vegna falls flugfélagsins Wow air.
- Aldurssamsetning Suðurnesja er á þá leið að meðalaldur er lágur en þrátt fyrir það eru, skv. tölum frá 2018, fæst hjúkrunarrými á Suðurnesjum miðað við hin umdæmin. Við þeirri stöðu hefur verið brugðist með undirritun samnings um stækkun hjúkrunarheimilis að Nesvöllum um 60 rými (þar af 30 ný rými) og verða þau komin í rekstur árið 2023.

Menntamálaráðuneytið:

- Framlögum til framhaldsskólanna er dreift í gegnum reiknilíkan framhaldsskóla, auk sértækra framlaga, s.s. vegna nemenda með íslensku sem annað móðurmál. Það er enn í þróun en flestum þáttum þess hefur þó verið í framkvæmd. Líkanið er samsett af fjórum þáttum:
 1. Framlag til náms og kennslu á ólíkum námsbrautum sem eru verðmetnar á grundvelli launa, hópastærða, aðstöðu og þörf fyrir tæki.
 2. Þjónustuframlag til að koma til móts við nemendur með mismunandi þjónustuþörf.

3. Útskriftarframlag.
 4. Önnur framlög.
- Reiknilíkanið byggist á nemendafjölda á námsbrautum til þriggja ára og tekur því ekki beinlínis tillit til áætlana um mannfjöldaþróun en nemendafjöldi speglar íbúafjölda væntanlega að vissu leyti.
 - Fjölbrautaskóli Suðurnesja fær ekki lægri fjárveitingar en aðrir sambærilegir framhaldsskólar. Rekstur Fjölbrautaskóla Suðurnesja er sterkur og fjárhagsstaða hans góð í lok árs 2019 og fjármagn ekki fullnýtt. Fjárframlög til skólans hafa aukist um rúm 20% milli árána 2019 og 2020.
 - Tap hefur verið á rekstri Keilis og árið 2019 var sérlega erfitt félaginu. Nú eru til meðferðar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu fjölmörg erindi Keilis um auknar fjárveitingar. Niðurstaða er væntanleg innan tíðar.
 - Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) stendur sterkt en eigið fé hennar árið 2018 var jákvætt um 147,2 m.kr. Á árinu 2019 var MSS falinn umtalsverður hluti þeirra aðgerða sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir og gripið var til á Suðurnesjum í kjölfar gjaldþrots flugfélagsins Wow air vorið 2019.

Félagsmálaráðuneyti:

- Vinnumálastofnun deilir fjármagni til vinnumarkaðsúrræða til átta þjónustuskrifstofa eftir líkani sem tekur mið af fjölda í atvinnuleit á hverju svæði, fjölda íbúa á svæðinu, ásamt því að haft er til hliðsjónar hve margir eru komnir í langtímaatvinnuleysi.
- Fjárveitingar til þjónustuskrifstofunnar á Suðurnesjum voru stóruauknar sl. tvö ár til að mæta þeirri þróun sem þar hefur orðið. Fjölgað var um þrjá starfsmenn á skrifstofunni og Jafnframt er unnið að því að stækka húsnæði undir starfseminu.

Dómsmálaráðuneyti:

- Á umliðnum árum hefur ekki verið mikið svigrúm til aukinna fjárveitinga á málefnasviðum dómsmálaráðuneytis. Ekki er stuðst við reiknilíkan við úthlutun fjárveitinga til löggæslumála.
- Reynt er eftir fremsta megni að úthluta auknum fjárveitingum í samræmi við aukin verkefni viðkomandi stofnana, en ekki í beinu hlutfalli við íbúðaþróun. Þannig er reynt að jafna verkefnaálag milli sambærilegra stofnana, þannig að þjónustan verði sambærileg alls staðar á landinu.
- Fjárveitingar hafa verið auknar til landamæravörslu á Keflavíkflugvelli, auk þess sem lögregluumdæmið hefur verið eftt í tengslum við rannsóknir kynferðisbrota. Umtalsverð viðbót í fjárveitingum til embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum, umfram það sem fengist

hefur til eflingar lögreglunnar á landsvísu almennt, hefur því byggt á auknu umfangi í verkefnum embættisins.

- Unnið er að því að auka fjárveitingar til embættisins á Suðurnesjum sem munu að verulegu leyti taka tillit til þeirrar íbúafjölgunar sem orðið hefur á svæðinu, sem og hvernig íbúasamsetningin hefur verið að þróast. Þá liggur fyrir að efla þarf almenna löggæslu á svæðinu, en í forgangi hefur verið að efla rannsóknardeildir hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum eins og annars staðar á landinu.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti:

- Fjármagni til verkefna er forgangsraðað með hliðsjón af markmiðum samgönguáætlunar. Þar ræður umferðarþungi, slysatíðni o.fl. miklu. Að auki hafa atvinnusjónarmið ráðið nokkru um forgangsröðun, t.d. til uppbyggingar hafna og einnig í þágu ferðaþjónustu.
- Að því leyti sem umferðarþungi hefur kallað á hefur ráðuneytið tekið tillit til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað á Suðurnesjum, en í því hefur aukning í komu ferðamanna vegið þungt.
- Ráðist hefur í mjög umfangsmiklar fjárfestingar á Keflavíkurflugvelli sem er alfarið í eigu ríkisins, en er ekki á fjárlögum. Þá eru miklar framkvæmdir fyrirhugaðar á næstu 10 árum á Reykjanesbraut þar sem áætlað er að akstursstefnur verði aðskildar að fullu frá flugstöð inn á höfuðborgarsvæðið.

Ráðuneytin eru því ýmist að vinna með líkön þar sem þróun íbúafjölda eða þjónustuþega er hluti af forsendunum, sem að einhverju leyti eru í stöðugri þróun og eins að meta þörf fyrir fjárveitingar út frá mati á hagsmunum hverju sinni.

2.3.3 Áskoranir fyrir einstakar stofnanir

Starfshópurinn fundaði með forstöðumönnum stærstu stofnana ríkisins á svæðinu og þar voru ýmsar áskoranir ræddar. Gagnlegar ábendingar komu fram um atriði sem þarf að þróa áfram og vinna með til að styrkja þá þjónustu og innviðaupbyggingu sem ríkið stendur fyrir. Meðal ábendinga voru eftirfarandi atriði:

- Mikil aukning fjárveitinga til lögreglustjóraembættisins tengjast auknum umsvifum landamæraeftirlits á Keflavíkurflugvelli. Skoða þarf leiðir til efla almenna löggæslu á svæðinu, m.a. sem lið í að takast á við heimilisofbeldi. Bygging framtíðarhúsnæðis fyrir starfsemi lögreglunnar er brýnt verkefni.
- Skortur á löglærðum fulltrúum hjá sýslumannsembættinu á Suðurnesjum og tækjabúnað þarf að endurnýja.
- Húsnæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hefur ekki tekið breytingum þrátt fyrir aukin verkefni. Slysa- og bráðamóttakan er 100 m² en þyrfti að

vera 400 m², heilsugæslan í Reykjanesbæ er í 730 m² sem dugar fyrir rúmlega 8 þúsund manns en er að þjónusta 21 þúsund manns. Húsnæði Víðihlíðar í Grindavík er bágborið. Engin starfsemi er í Suðurnesjabæ og aðstaðan í Vogunum er ófullnægjandi.

- Mikilvægt að skoða húsnæði fyrir Fisktækniskólann og greina tækifæri við þróun á starfsemi hans. Vel menntað starfsfólk í sjávarútvegi skiptir máli fyrir framþróun í greininni og þar getur Fisktækniskóli Íslands í Grindavík gegnt lykilhlutverki.
- Skoða þarf stefnumótun og framtíðarfyrirkomulag á fjármögnun Keilis.

Fleiri gagnlegar ábendingar komu fram sem vert er að ræða áfram og nánar á samráðsveitvangi og við stefnumótun einstakra ráðuneyta.

Hér er ekki tekin afstaða til sjónarmiða um að fjárveitingar hafi, þegar horft er lengra aftur í tímann, ekki fylgt verðlagi eða íbúafjöldaþróun, eða um hugsanlegar leiðréttingar í þá veru.

Það er umræða sem þarf að fara fram með viðkomandi fagráðuneyti og í tengslum við stefnumótun fyrir gerð fjármálaáætlunar hvers árs.

2.4 Áhrif niðursveiflu í ferðaþjónustu og færri flugferða um Keflavíkurflugvöll á sveitarfélögin á svæðinu

Ljóst er að áhrif niðursveiflu í ferðaþjónustu hefur mikil áhrif á Suðurnesjum. Eins og fram hefur komið fór þegar að hægja á umsvifum í kjölfar gjaldþrots flugfélagsins Wow air, en dýfan er orðin enn dýpri og skarpari nú þegar flugumferð um Keflavíkurflugvöll hefur stöðvast. Óvíst er hve lengi þetta ástand mun vara, en nú þegar eru afleiðingarnar gríðarlegar. Það birtist m.a. í stórauðni atvinnuleysi sem er með því mesta á landsvísu eins og sakir standa.

Í kjölfar Covid-19 er gert ráð fyrir að mesta höggið í ferðaþjónustu verði í þeim landshlutum sem flestir ferðamenn heimsækja og eru með flestar gistinætur. Áhrifin á Suðurnesin verða því gífurleg vegna umsvifa við Keflavíkurflugvöll.

2.4.1 Atvinnumál


Talsverðar sveiflur hafa verið í atvinnumálum á Suðurnesjum eins og bent er á í stöðuskýrslu Bygðastofnunar. Atvinnuleysi var afar lítið fyrir árslok 2008 eins og annars staðar á landinu. Það varð mest á landinu á árunum þar á eftir, eða 14–17% þegar verst lét.

Atvinnuleysi minnkaði síðan ár frá ári þar til á síðustu misserum. Frá árinu 2018 hefur atvinnuleysi aukist meira á Suðurnesjum en á landinu almennt. Talið er að alls hafi tapast 1.000 bein störf við fall Wow air í mars 2019 og þar á ofan hefur verið áætlað að 2.000–3.000 afleiðd störf hafi tapast í framhaldinu. Aldrei höfðu fleiri á Íslandi misst vinnuna á einum degi eins og við fall Wow air. Í lok ágúst

2019 var atvinnuleysi á Suðurnesjum 5,2%, en á sama tíma var landsmeðaltalið 3,3%.


Í upphafi árs 2020 var atvinnuleysi á Suðurnesjum komið yfir 8% á meðan það var 4,6% á landsvísu. Áætlað er að atvinnuleysi á Suðurnesjum hafi verið á bilinu 14–15% í upphafi aprílmánaðar 2020.

Byggðastofnun gerir ráð fyrir að heildaratvinnuleysi, þ.e. skráð atvinnuleysi og einstaklingar á hluta atvinnuleysisbótum, verði 16,9% af vinnuaflinu á landinu öllu í apríl og 23,7% af vinnuaflinu á Suðurnesjum á sama tíma.



Mynd 12 Þróun atvinnuleysis á Suðurnesjum 2010-2020

Heimild: Byggðastofnun / Vinnumálastofnun



Mynd 13 Aukning atvinnuleysis frá febrúar til mars 2020

Heimild: Bygðastofnun / Vinnumálastofnun

Á fundi starfshópsins með Vinnumálastofnun í apríl sl. kom fram að ástandið í tengslum við Covid-19 faraldurinn væri mikið áfall fyrir vinnumarkaðinn og erfiðleikar væru hjá fyrirtækjum í nánast öllum atvinnugreinum. Verst væri það innan ferðaþjónustu og þjónustugreinum. Staðan væri einna verst á Suðurnesjum. Fram kom að atvinnuleysið færi í 23-24% á Suðurnesjum, um 17% á höfuðborgarsvæðinu og 16% á Norðurlandi eystra og á Suðurlandi.

Það er því ljóst að þörf er á samstilltu átaki og grípa til öflugra varna gegn þeirri stöðu sem komin er upp vegna algers hruns í ferðaþjónustunni og starfsemi tengdri henni. Í kjölfar Covid-19 verður mesta höggið í þeim landshlutum sem flestir ferðamenn heimsækja og eru með flestar gistinætur. Leita verður allra mögulegra leiða til að koma greininni í gegnum þessar tímabundnu hremmingar og grípa einnig til annarra aðgerða meðan á kreppunni stendur.


Sem hluta af aðgerðapakka ríkisstjórnar vegna Covid-19 hefur verið ákveðið að auka við hlutfé Isavia ohf. um 4 milljarða króna með því skilyrði að félagið ráðist í innviðaverkefni á Keflavíkurluguvelli strax á þessu ári, sem hefur jákvæð áhrif á stöðu atvinnumála á framkvæmdartíma.

2.4.2 Áhrif á starfsemi sveitarfélaganna

Eins og fram kemur fyrir í þessari skýrslu sveiflast afkoma sveitarfélaga mikið eftir þróun efnahagsmála. Miklar sveiflur hafa verið á Suðurnesjum síðustu áratugi sem tengjast áföllum í atvinnulífinu.

Eins og þekkt er í miklu atvinnuleysi þá mun álag á félagsþjónustu sveitarfélaga aukast og allar þær þjónustustofnanir og kerfi sem sinna fólki í atvinnuleysi og atvinnuleit. Því má fastlega búast við hratt versnandi afkomu sveitarfélaganna á svæðinu strax í ár.

Skuldastaða sveitarfélaganna hefur þó batnað mikið síðustu árin sem veitir svigrúm til athafna. Skuldaviðmiðið er þó enn talsvert hærra en á landsvísu.



Mynd 14 Þróun skuldastöðu sveitarfélaga

Heimild: Upplýsingaveita Sveitarfélaga

Rekstur og afkoma sveitarfélaganna hefur verið nokkuð góð en Reykjanesbær býr við meiri áhættu en önnur vegna hárrar skuldsetningar. Aðeins er um ár síðan sveitarfélagið var útskrifað úr sérstöku eftirliti eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Því má búast við því að sum sveitarfélaganna muni eiga í tímabundnum erfiðleikum með skyndilegu tekjufalli og aðlögun að breyttum aðstæðum.

3. Niðurstaða og aðgerðaáætlun

Gríðarleg fólksfjölgun á Suðurnesjum síðastliðin ár skýrist að miklu leyti af auknum umsvifum í ferðapjónustu. Á slíkum þenslutímum reynir mjög á innviði viðkomandi svæðis. Íbúapróun hefur breyst í þá átt að íbúum af erlendu bergi hefur fjölgað mikið og telja um helming íbúa í tilteknum aldurshópum. Þessar breytingarhafa haft mikil áhrif á samfélagsþróun svæðisins og þá þjónustuþörf sem ríki og sveitarfélög verða að inna af hendi.

Mikilvægt er að tryggja náð samstarf og samráð ráðuneyta, lykilaðila á svæðinu, sveitarfélaga og fyrirtækja. Verkefni aðila er að fylgjast grannt með þróun mála, greina áskoranir, samstillta krafta sína og vinna að aðgerðum til viðspyrnu til skemmri og lengri tíma. Styrkja þarf tiltekna þjónustuþætti sem sérstaklega reynir á um þessar mundir.

Í upplýsingum nokkurra ráðuneyta sem skilað var til starfshópsins kom fram að aukning hefði verið á fjárframlögum til stofnana þeirra á Suðurnesjum, en hins vegar komu ekki fram upplýsingar um það hver aukingin hefði verið til sambærilegra stofnana annars staðar á landinu. Þó er ljóst úr frá upplýsingum einstakra ráðuneyta að ekki er tekið tillit til fólksfjölgunar né samsetningu íbúa þegar kemur að því að úthluta fjármunum. Mikilvægt að taka rauntölur saman, meta þær út frá þeirri þjónustu sem er verið að veita en ekki síður út frá þeirri þjónustu sem á að veita í viðkomandi stofnun.

Mikil niðursveiflan varð í tengslum við brotthvarf flugfélagsins Wow air og nú hefur Covid-19 veiran leitt til þess að ferðapjónusta á svæðinu er nær engin, starfsemi Keflavíkurflugvallar og tengd starfsemi liggur að mestu leyti niðri. Slíkt kallar á sérstakan viðbúnað og enn nánara samstarf ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Í lok apríl 2020 höfðu stjórnvöld formlega kynnt þrjá aðgerðapakka en jafnframt ráðist í fjölda sértækra aðgerða vegna þess ástands sem upp var komið vegna kórónuveirufaraldursins. Viðbrögð stjórnvalda snúa fyrst og fremst að því að verja viðkvæma hópa, veita súrefni inn í atvinnulífið og undirbúa viðspyrnuna. Almennar aðgerðir stjórnvalda nýtast öllum borgurum þessa lands óháð búsetu. Helst ber að nefna hlutastarfaleiðina, barnabótaaukann, laun í sóttkví, frestun skattgreiðslna, vinnumarkaðsúrræði, námsúrræði fyrir stúdenta, atvinnuleitendur, styrkingu ferðapjónustu og sumarátaksstörf fyrir námsmenn. Dæmi um önnur úrræði á sviði félags- og heilbrigðismála eru meðal annars efling geðheilbrigðisþjónustu um land allt, þar á meðal á Suðurnesjum. Ýmsir styrkir eru í boði fyrir atvinnulífið um land allt og má þar nefna lokunarstyrki, stuðningslán og brúarlán. Verið er að skapa mikil tækifæri til nýsköpunar með endurgreiðslu vegna rannsókna og þróunar en einnig er verið að auka fjárfestingu í nýsköpun.

Ein af stærri sértæku aðgerðum stjórnvalda mun hafa bein áhrif á efnahagslífið á Suðurnesjum. Settir verða 4 milljarðar króna í aukið hlutafé til ISAVIA sem mun meðal annars skapa 50–125 störf vegna innviðaframkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Í fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar sem kynnt var sem hluti af fyrsta aðgerðapakkanum má finna fjölda opinberra verkefna á Suðurnesjum. Rúmlega 1,9 ma. kr. fara í vegaframkvæmdir um land allt. Hluti þess er viðbót við gildandi fjárveitingar sem fer í verkefni á Suðurnesjum, annars vegar Borgarfjarðarveg–Reykjanesbraut, hins vegar Krýsuvíkurveg–Hvassahraun. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fær 200 m. kr. til að bæta aðkomu sjúkrabifreiða. Þá verður 60 m.kr. af 730 m. kr. sem ætlað er í viðhald á ýmsum fasteignum á vegum ríkisins ráðstafað í endurbætur á byggingu á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar vegna aðstöðu fyrir ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu Íslands. Enn fremur verður fjármunum varið til dýpkunar framkvæmda í höfninni í Sandgerði og fleiri hafnartengdum verkefnum.

Það er því mikilvægt að sveitarstjórnir og samband sveitarfélaganna á svæðinu fylgist vel með þeim tækifærum og úrræðum sem öll þessi átaksverkefni hafa í för með sér.

Beinn stuðningur við viðkvæm svæði er ein af þremur aðgerðum stjórnvalda á sveitarstjórnarstiginu í öðrum aðgerðapakka. Þar er tekið undir það að efnahagsástandið á Suðurnesjum krefjist sérstakra úrræða, en atvinnuleysi þar stefnir í 24% í apríl. Fyrirhuguð úrræði á Suðurnesjum verði aukin, eins og þjónusta við erlenda íbúa, efling Reykjanes Geopark og stofnun þverfaglegs teymis á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála.

Í sóknaráætlun svæðisins 2020-2024 er bent á eftirfarandi styrkleika og veikleika, sem draga fram áskoranir í vörn og sókn. Í sumum tilvikum eru veikleikar um leið styrkleikar.

Styrkleikar

- Reykjanes UNESCO Global Geopark
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Ungt samfélag
- Fjölbjóðlegt og fjölbreytt samfélag
- Góðar samgöngur
- Stutt á erlenda markaði
- Svæðisskipulag fyrir allt svæðið í gildi
- Jarðhiti, þekking á virkjunum
- Eitt atvinnusvæði
- Símenntunarstöð starfandi

Veikleikar

- Ímynd svæðisins
- Hæsta atvinnuleysi á landinu
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Fjölmenningsamfélag
- Einhæft atvinnulíf
- Lágt menntunarstig
- Miklar sveiflur í atvinnulífi
- Lítið rannsóknar og þróunarstarf á háskólastigi

Tafla 5 Greining styrkleika og veikleika Suðurnesja

Heimild: Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2040

Greining á þessum þáttum rímar að mörgu leyti vel við umfjöllun í skýrslu þessari og því er það niðurstaða starfshópsins að byggja ætti aðgerðaáætlun á grundvelli þeirra.

Markmið aðgerðaáætlunar er eftirfarandi.

- auka samráð milli ríkis og sveitarfélaga um hagsmuni svæðisins
- virkja jákvæðan vöxt fyrir efnahagslíf og samfélag
- auka skilning á sérkennum og tækifærum svæðisins
- efla viðbragð við aðstæðum sem kalla á samstillingu og sameiginlegar aðgerðir opinberra aðila.

Lagt er til að viðkomandi fagráðuneyti skoði og meti nánar fjárframlög til einstakra stofnana á Suðurnesjum við fjárlagagerð 2021 og vinnslu fjármálaáætlunar yfirstandandi árs. Þannig verði strax hægt að greina úrbótatækifæri af hálfu ríkisvaldsins m.a. í formi hærri fjárveitinga sem taki mið af íbúavexti og umfram allt hlutlægu mati á þjónustubörf.

Í öðrum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar sem kynntur var 21. apríl 2020 til að bregðast við efnahagslegum áhrifum COVID-19 voru veittar 250 m.kr. vegna efnahagsástands á Suðurnesjum sem krefst sérstakra úrræða. Eftirfarandi aðgerðaáætlun er fjármögnuð með þeim hætti en til viðbótar munu aðilar verkefna koma með mótfjármögnun í formi bæði fjármagns og vinnuframlags.

3.1 Aðgerðaáætlun

3.1.1 Þjónusta

1. Vaxtarsvæði – samráðsteymi ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum

Markmið: Að gera ríki og sveitarfélög færari um að bregðast við þenslu á svæðinu.

Fylgjast grannt með þróun og greina helstu áskoranir á svæðinu og leiða saman lykilaðila varðandi þær aðgerðir er þyrfti að fara í til skemmri og lengri tíma. Styrkja tengsl sveitarfélags og fyrirtækja við ráðuneyti og stofnanir og bæta upplýsingagjöf með það að leiðarljósi að styðja við og efla getu þeirra til að takast á við þensluástand. Teymið starfi til tveggja ára í senn.

Samráðsteymið tekur í raun við hlutverki starfshópsins sem leggur fram þessa skýrslu og aðgerðaáætlun og er verkefni þess að leiða saman á kerfisbundinn hátt lykilaðila vaxtarsvæðisins Suðurnesja og stjórnvalda m.a. um eftirfarandi:

- að draga fram áskoranir sem svæðið stendur frammi fyrir og forgangsraða verkefnum
- móta aðgerðaáætlanir og fylgja þeim eftir
- fara yfir tillögur í fjármálaáætlun og fjárlögum hvers árs og fylgjast með þróun

- skapa umræður og skoðanaskipti, efla upplýsingagjöf og tiltæka tölfræðigrunna svo vinna megi að málefnum svæðisins á traustum grundvelli

Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Samstarfsaðilar: Ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög á Suðurnesjum og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Tillaga að fjármögnun: Byggðaáætlun

2. Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans

Markmið: Að bæta þjónustu við íbúa svæðisins með erlendan bakgrunn

Bæta skal þjónustu við íbúa svæðisins sem eru af erlendu baki brotnir og hún eflid með því að upplýsa nýja íbúa um íslenskt samfélag, nærsamfélagið, réttindamál og opinbera þjónustu. Styrkja þarf alla umgjörð um þjónustu við erlenda íbúa svæðisins, m.a. með því að vinna fræðsluefni og bjóða upp á túlkajónustu. Stuðlað að jöfnum tækifærum íbúa til félagslegrar þátttöku og atvinnu með bættu aðgengi að þjónustu við íbúa svæðisins með sérstakri áherslu á íbúa af erlendum uppruna. Hefja mætti tilraunaverkefni til 6–9 mánaða um samstarfsskrifstofu sveitarfélaga, Útlendingastofnunar, sýslumannsembættisins, Þjóðskrár Íslands, Vinnumálastofnunar, stéttarfélaga og félagasamtaka þar sem allt væri unnið á einum stað. Reykjanesbær yrði þar með formlega leiðandi sveitarfélag á sviði fjölmennings í nánú samstarfi við Fjölmenningssetur og myndi aðstoða við yfirfærslu verklagsins til annarra sveitarfélaga ef vel tækist til en fyrir liggur einmitt samþykkt þingsályktun um stofnun ráðgjafastofu fyrir innflytjendur.

Verkefnisþættir lytu meðal annars að eftirfarandi þáttum:

- Hugað verði sérstaklega að nýjum íbúum að því er varðar upplýsingagjöf um þjónustu og nær samfélagið, með sérstakri áherslu á nýja íbúa af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um íslenskukennslu í heimabyggð aðgengilegar nýjum íbúum af erlendum uppruna.
- Huga að aukinni þátttöku barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna.
- Fræðslu til starfsfólks ríkis og sveitarfélaga í menningarnæmi og –þjálfun með það að markmiði að auðvelda aðgengi innflytjenda að opinberri þjónustu og efla faglega þekkingu starfsfólks á menningarnæmi.
- Námskeið fyrir starfsfólk í framlínu þjónustustofnana og sérfræðinga í nær þjónustu.
- Auka stuðning við túlkajónustu og upplýsingagjöf, t.d. um úrræði varðandi nám, menningartengda starfsemi og tómstundir

Ábyrgð: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Dæmi um samstarfsaðila: Félagsmálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, Fjölmenningssetur, Sýslumannsembættið,

Lögregluembættið, Útlendingastofnun, innflytjendaráð og sveitarfélögin á Suðurnesjum.

Tillaga að fjármögnun: 30 m.kr.

3. Þverfagleg Landshlutateymi (Velferðarstofa)

Markmið: Að styrkja og auka heildstæða þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála hjá sveitarfélögum

Styrkja á framlínubjónustu í samþættri velferðarþjónustu með því að einfalda og auka skilvirkni við ráðgjöf, stuðning við úrlausn erinda þegar sótt er um þjónustu hjá sveitarfélagi. Byggja upp, þróa og innleiða vefviðmót þar sem einstaklingar sem sækja eftir þjónustu geti nálgast helstu upplýsingar, leiðbeiningar um eðli og innihald þeirrar aðstoðar sem sótt er um. Stofnuð verði teymi/miðstöðvar þar sem eigi sér stað samstarf fagaðila þvert á fagstéttir og stofnanir innan velferðarþjónustunnar.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneytið

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Vinnumálastofnun, Sýslumannsembættið, Lögregluembættið, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og sveitarfélögin á Suðurnesjum.

Tillaga að fjármögnun: 30 m.kr. (Samstarf við verkefni A4 og A5 í Byggðaáætlun 2018–2024 auk fjármagns til vaxtarsvæða)

4. Aukin verkefni hjá sýslumanninum á Suðurnesjum

Markmið: Að bæta skjalaskráningu, auka nýtingu húsnæðis og rafræna þjónustu á landsvísu.

Lagt er til að farið verið í tímabundið átaksverkefni sem snúa meðal annars að bættari skjalaskráningu og frágangi skjala til Þjóðskjalasafns. Með því yrði aukið aðgengi almennings að upplýsingum og einnig myndi losna um húsnæði hjá sýslumanni sem nýta mætti betur. Kvaðamerkingar eigna vegna innleiðingar rafrænna þinglýsinga á landsvísu, en rafrænar þinglýsingar myndu bæta mjög þjónustu sýslumannsembætta á öllu landinu. Kannað verður í samstarfi við dómsmálaráðuneytið hvort möguleikar eru á að fjölga störfum hjá embættinu, sem einnig gætu haft þýðingu á landsvísu.

Ábyrgð: Sýslumannsembættið á Suðurnesjum

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneytið, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Tillaga að fjármögnun: 12 m.kr.

5. Gegn heimilisofbeldi – Lögreglan á Suðurnesjum

Markmið: Að tryggja öryggi fólks á heimilum sínum

Unnið verði í sameiningu að verkefni gegn heimilisofbeldi með því að samþætta og bæta verklag lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar í slíkum málum og stuðla að aukinni þekkingarmiðlun í málaflokknum. Mikilvægt er að tryggja öryggi

fólks á heimilum sínum og veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna og annarra í viðkvæmri stöðu sem búa við heimilisofbeldi.

Ábyrgð: Lögreglan á Suðurnesjum

Samstarfsaðilar: Dómsmálaráðuneytið, barnavernd og félagsþjónusta sveitarfélaga á Suðurnesjum

Tillaga að fjármögnun: 12 m.kr.

6. Bætt heilbrigðisþjónusta á Suðurnesjum

Markmið: Að bæta heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum

Úttekt verði gerð um þörf fyrir bættu heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum. Þörf er á að efla forvarnir og heilsuvernd á Suðurnesjum. Aðstæðum á svæðinu fylgir margvísleg þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og sýna þarf umtalsverðan sveigjanleika til að mæta breytilegum þörfum. Huga skal að lausnum tengdum fjarheilbrigðisþjónustu til bæta aðgengi að þjónustunni. Úttektir Embættis landlæknis á heilsugæsluþjónustu á Suðurnesjum hafa sýnt að víða sé úrbóta þörf. Lýðheilsuvísar sem Embætti landlæknis birtir reglulega sýna að ýmsir þættir í daglegu lífi sem hafa áhrif á líðan og heilsu fólks eru óhagstæðari á Suðurnesjum en annars staðar á landinu. Einnig má gera ráð fyrir aukinni þörf fyrir ýmsum þáttum heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu með auknum íbúafjölda.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti

Samstarfsaðilar: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Embætti landlæknis og sveitarfélög á Suðurnesjum

Tillaga að fjármögnun: 6 m.kr.

3.1.2 Atvinna

7. Vinnumarkaðsáttak

Markmið: Að draga úr atvinnuleysi

Þörf er á sérstöku átaki í skipulagningu vinnumarkaðsaðgerða á Suðurnesjum. Ljóst er að atvinnuleysi er þegar orðið eitt það mesta á landinu á þessu ári og er í sögulegu hámarki.

Lagt er til að því verði beint til samhæfingarhóps um atvinnu- og menntaúrræði sem nú starfar í umboði félags- og barnamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir á Suðurnesjum til að efla stuðningskerfi við atvinnuleitendur og koma á fót starfstengdum námskeiðum. Átakið verði í algerum forgangi.

Ábyrgð: Félagsmálaráðuneyti

Samstarfsaðilar: Vinnumálastofnun, mennta- og menningarmálaráðuneyti og samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði.

Tillaga að fjármögnun: Vinnumálastofnun

3.1.3 Samfélag

8. Samfélagsrannsóknir

Markmið: Auka rannsóknir sem sveitarfélög og ríki geta byggt á við stefnumótun fyrir svæðið í heild og einstaka málaflokka.

Þörf er fyrir ýmsar rannsóknir sem auka skilning á samfélagsþróun svæðisins m.a. eftirfarandi:

- Lýðfræðileg þróun Suðurnesja sem auki m.a. skilning á samfélagslegum áhrifum fólksfjölgunar á svæðinu, breytingar á íbúasamsetningu og samspilinu þarna á milli. Rannsóknir fælu í sér að skoða áhrif og meta afleiðingar, en að auki að skoða til samanburðar svæði annars staðar á Norðurlöndum sem hafa gengið í gegnum svipaða þróun, t.d. Gardemoen svæðið í Noregi.
- Samfélagsleg viðhorf og félagsleg þátttaka, „Suðurnes til framtíðar“. Mæla árangur aðgerða sveitarfélaganna og vinna þar með skilvirkum hætti að auknum lífsgæðum á Suðurnesjum. Viðhorf íbúa til samfélagsins yrðu könnuð, upplýsingar um líðan þeirra og félagslega þátttöku með áherslu á niðurstöður úr Lýðheilsuvísunum, Félagsvísunum og ýmsum viðhorfakönnunum sem unnar hafa verið á undanförunum árum.

Ábyrgð: Samráðsteymi ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum

Samstarfsaðilar: Einstök ráðuneyti, stofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Hagstofa Íslands og háskólar landsins

Tillaga að fjármögnun: Lýðfræðileg þróun 2 m.kr., Suðurnes til framtíðar 6 m.kr. (Reykjanesbær 2 m.kr., Þróunarsjóður innflytjendamála og lýðheilsusjóður 2,8 m.kr.)

9. Heilsueflandi Suðurnes - frístundavefur

Markið: Að efla og bæta heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum og bæta lýðheilsu og heilsueflandi samfélag í öllum sveitarfélögum svæðisins.

Stutt verði við átak til að styðja við heilsueflandi sveitarfélög á Suðurnesjum. Útbúið verði vefsvæðið „Heilsueflandi frístund á Suðurnesjum“. Þar verði upplýsingar um frístundastarf á svæðinu. Einnig verði unnið að þróun áskoranaverkefna fyrir sveitarfélög í takt við „Gerum þetta saman“ sem þegar er hafið í Vogum. Miðlægt vefsvæði mun einnig hýsa sambærileg verkefni eftir því sem átakanu miðar áfram. Vefsvæðið mun styðja samfélögin við að halda utan um átakið, meta framvindu þess og miðla upplýsingum. Vefsvæðið yrði á íslensku, pólsku og ensku. Hluti af verkefninu væri að auglýsa vefsvæðið.

Ábyrgð: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Samstarfsaðilar: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneyti

Tillaga að fjármögnun: 1,5 m.kr.

10. Reykjanes UNESCO Global Geopark

Markmið: Að styrkja stöðu Reykjanes UNESCO Global Geopark sem umhverfis-, byggðapróunar- og fræðsluverkefni.

Haldið verði áfram þróun og uppbyggingu Reykjanes UNESCO Global Geopark. Á meðal markmiða er að vekja áhuga íbúa og gesta á náttúru, menningu og sögu svæðisins sem skilar sér í jákvæðari staðarímynd. Einnig að nýta sérstöðu svæðisins, þ.e. alþjóðlega merkilega jarðfræðilega og jarðsögulega arfleifð til verðmætasköpunar.

Jarðvangurinn er aðili að alþjóðlegum samtökum sem starfar undir verndarvæng UNESCO. Reykjanes Geopark er eina skráning UNESCO á Íslandi sem ekki er á fjárlögum frá ríkinu.

Styrkur verður nýttur til að efla starfsemina, vinna að landvörslu, styrkja Suðurnes sem útivistarsvæði í fararbroddi á Íslandi og stuðla þannig að bættri lýðheilsu, o.fl. Þá verður lögð áhersla á að auka fræðsluefni og fræðslustarf á vegum jarðvangsins. Verkefnið miðar að því að styrkja stöðu jarðvangsins og að mótuð verði stefna um uppbyggingu hans til framtíðar, m.a. varðandi aukna útivistarmöguleika, friðlýsingu svæða innan jarðvangsins, fræðslu, miðlun og innviðaupbyggingu með það að markmiði að íbúar og gestir njóti þeirra náttúrugæða sem finna má innan Reykjanes Geopark.

Unnið verði að því á tímabilinu að móta stefnu fyrir Reykjanes Geopark sem verði hluti af samræmdri stefnumörkun fyrir jarðvanga á landinu í næstu samningagerð eftir árið 2021. Með því móti verði rekstur og uppbygging jarðvangsins til framtíðar tryggð.

Ábyrgð: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Reykjanes Geopark og sveitarfélögin á Suðurnesjum

Tillaga að fjármögnun: 25 m.kr.

3.1.4 Menntun

11. Styttri námsúrræði - Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Markmið: Að auka framboð og styrkja símenntunarstarfsemi sem tengist sérstaklega þörfum atvinnulífs á Suðurnesjum.

Sérstök áhersla verður lögð á að draga úr úrræðaleysileysi einstaklinga a úr athafnaleysi yfir sumarmánuðina. Tryggja þjónustu við fólk með annað móðurmál en íslensku. Efla færni í atvinnuleit og fyrir þá sem hyggja á frekara nám. Boðið verður upp á sérsniðin námskeið á íslensku, pólsku og ensku.

Ábyrgð: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Samstarfsaðilar: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélögin á Suðurnesjum

Tillaga að fjármögnun: 20 m.kr.

12. Sumarnám - Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Markmið: Að gera nemendum án sumarvinnu kleift að flýta fyrir sér í námi

Litla sem enga sumarvinnu verður að hafa fyrir nemendur fjölbrautaskólans þar sem stórir vinnustaðir á svæðinu munu ekki ráða inn sumarstarfsfólk. Með námsframboði FS opnast leið fyrir nemendur að nýta tímann og flýta fyrir sér í námi. Kennsla stæði í 5 vikur, 4 daga í viku. Gerð var könnun meðal nemenda þar sem 50% nemenda lýstu áhuga á að sækja 1-4 áfanga í sumarnámi.

Ábyrgð: Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Tillaga að fjármögnun: 30 m.kr.

13. Þróun á sviði vendináms - Keilir

Markmið: Að þróa námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir á ensku

Keilir efli vendinám sitt og þrói námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir sem mögulegt væri að yfirfæra yfir á aðra skóla og/eða fyrirtæki, við umbætur í kennslu og þjálfun. Líklegt er að þörf fyrir vendinámsáfanga á ensku muni fara vaxandi og því mikilvægt að þróun vendináms hefjist sem allra fyrst. Keilir setur upp þekkingarmiðstöð og aðgengilegt fræðsluefni auk þess að veita öðrum skólum ráðgjöf við innleiðingu vendináms eftir því sem þörf er á.

Ábyrgð: Keilir

Samstarfsaðilar: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Tillaga að fjármögnun: 10 m.kr.

14. Fisktækni á Pólsku - Fisktækniskóli Íslands

Markmið: Að mæta þörfum íbúa fyrir fjölbreytt námsframboð

Hafin verði kennsla í Fisktækni á fyrstu önn fyrir allt að 15 nemendur n.k. haust, fyrir nemendur með pólsku að móðurmáli. Kennt verður á íslensku samkvæmt stundatöflu, en starfsmaður skólans (sem er pólsk að uppruna, með fisktæknigrunn og hefur starfað sem pólskur túlkur á fiskvinnslunámskeiðum) aðstoðar nemendur og kennara við kennslu.

Grunnnám í fisktækni býr nemendur undir störf við fiskvinnslu, fiskveiðar og fiskeldi. Námið er enn fremur grunnur að öðru námi í framhaldsskólum og viðfangsefnum í fjölbreyttum sjávarútvegi.

Ábyrgð: Fisktækniskóli Íslands

Samstarfsaðilar: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, mennta- og menningarmálaráðuneyti og aðrir eftir atvikum

Tillaga að fjármögnun: 12 m.kr.

15. Sjávarakademían, nýsköpun og vöruþróun innan bláa hagkerfisins - Fisktækniskólinn Íslands

Markmið: Að styrkja og efla nýsköpun í bláa hagkerfinu

Markmið námsins er að kynna þátttakendum hinar fjölbreyttu tegundir og afurðir hafsins og tengda þjónustu, vinnslu afurða, nýsköpun og vöruþróun. Fjármögnun og rekstur fyrirtækja, ásamt markaðssetningu og sölu. Lögð er áhersla á teymisvinnu og kynningar frá bæði rótgrónum og nýjum fyrirtækjum innan bláa hagkerfisins. Námið fer fram í Fisktækniskóla Íslands og Húsi sjávarklasans.

Í Grindavík verður megin áhersla lögð á hræfnisöflun, vinnslu og gæði, en í Húsi sjávarklasans í Reykjavík á fyrirtækjarekstur, vöruþróun, nýsköpun, markaði og sölu.

Námið er á framhaldsskólastigi og hefur að markmiði að þjálfa fólk til að mæta kröfum um aukna nýsköpun og frumkvöðlastarf. Hæfni til að skapa nýjungar er afar mikilvæg fyrir komandi kynslóðir. Atvinnulífið hefur verið að kalla eftir starfsfólki sem býr yfir frumkvæði, skapandi hugsun, forritunar-, iðn- og tækniþæfni og er lausnamiðað til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Framþróun í vinnslu afurða, vöruþróunar, tækni og rannsókna hefur á síðustu árum leitt af sér gífurlegan vöxt innan bláa hagkerfisins á Íslandi. Námbrautin er skipulögð sem 30 einingar, tekur allt að 15 nemendur.

Ábyrgð: Fisktækniskóli Íslands í Grindavík

Samstarfsaðilar: Sjávarklasinn

Tillaga að fjármögnun: 12 m.kr.

16. Efling þekkingarstarfsemi á Suðurnesjum

Markmið: Að efla menntun og áhuga barna og ungmenna á sviði tækni og náttúruvísinda

Þekkingarsetrið tekur á móti fjölda nemenda af öllum skólastigum á hverju ári sem vinna að verkefnum í tengslum við náttúru og lífríki, auk þess að fá kynningu á því rannsóknastarfi sem unnið er í þekkingarsetrinu. Stoðstofnanir setursins eru Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum. Setrið er í miklu samstarfi við menntastofnanir og fyrirtæki á svæðinu og er hluti af Reykjanes Geopark. Fyrir liggja tillögur um sex verkefni sem hægt væri að fara í.

Ábyrgð: Þekkingarsetur Suðurnesja

Samstarfsaðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Náttúrustofa Suðvesturlands og Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands á Suðurnesjum, Vinnumálastofnun og sveitarfélög á svæðinu

Tillaga að fjármögnun: 20 m.kr.

17. Flugklasinn

Markmið: Að stofna til flugklasa í þeim tilgangi að efla samstarf, þróun og menntun í flugi.

Í samgönguáætlun er gerð tillaga að flugstefnu, og tillögur um að stofna flugklasa í því skyni að efla samstarf, þróun og menntun í flugi. Keilir – Flugskóli Íslands er stærsti flugskóli landsins og eini flugskólinn sem kennir atvinnuflugmannsnám. Skólinn hefur verið að leita leiða til þess að auka samstarf, rannsóknir og þróun á sviði flugnáms og flugtengdrar starfsemi.

Flugklasinn gæti tekið til starfa strax í byrjun sumars 2020 og væri veigamikilið skref í framkvæmd nýrrar flugstefnu. Stofnun flugklasa fellur mjög vel við áætlanir KADECO um Aerotropolis, sem snýst um að útvega flugtengdum aðilum lóðir og aðstöðu á Ásbrú.

Eitt af fyrstu verkefnum klasans yrði að gera skýrslu um stefnu í menntun á sviði flugs og flugtengdra greina, sem innlegg í mótun slíkrar vinnu hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti- og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Ábyrgð: Keilir

Samstarfsaðilar: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Tillaga að fjármögnun: 19,5 m.kr

3.1.5 Yfirlit aðgerðaáætlunar

Tillaga		Kostnaður m.kr.
ÞJÓNUSTA		
1	Vaxtarsvæði - Samráðsteymi ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	x
2	Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	30
3	Þverfagleg Landshlutateymi (Velferðarstofa) Félagsmálaráðuneyti	30
4	Aukin verkefni hjá sýslumanninum á Suðurnesjum Sýslumannsembættið á Suðurnesjum	12
5	Gegn heimilisofbeldi Lögreglan á Suðurnesjum	12
6	Bætt heilbrigðisþjónusta á Suðurnesjum Heilbrigðisráðuneyti	6
ATVINNUMÁL		
7	Vinumarkaðsátak Félagsmálaráðuneyti	x
SAMFÉLAG		
8	Samfélagsrannsóknir Samráðsteymi ríkis og sveitarfélaga á Suðurnesjum	10
9	Heilsueflandi Suðurnes - frístundavefur Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	1,5
10	Reykjanes UNESCO Global Geopark Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	25
MENNTUN		
11	Stytttri námsúrræði Miðstöð símenntunar Suðurnesjum	20
12	Sumarnám Fjölbrautaskóli Suðurnesja	30
13	Þróun á sviði vendináms Keilir	10
14	Fisktækni á pólsku Fisktækniskóli Íslands í Grindavík	12
15	Sjávarakademían, nýsköpun og vöruþróun innan bláa hagkerfisins Fisktækniskóli Íslands í Grindavík	12
16	Efling þekkingarstarfsemi á Suðurnesjum Þekkingarsetur Suðurnesja	20
17	Flugklasinn Keilir	19,5
		250

Tafla 6 Yfirlit yfir aðgerðatillögur starfshópsins

Fylgiskjal 1

Byggðastofnun stigun vaxtarsvæða vor 2020

Svæði	Atvinnutekjur	Útsvarstofn	Mannfjöldi	Vinnumarkaður	Samtals	
Höfuðborgarsvæðið	1	1	1	1	4	vaxtarsvæði
Suðurnes	3	3	3	3	12	mikið vaxtarsvæði
Akranes og Hvalfjarðarsveit	1	1	1	1	4	vaxtarsvæði
Borgarbyggð og Dalir	1	1	0	1	3	
Snæfellsnes	0	0	0	0	0	
Vestfirðir	1	1	0	0	2	
Húnavatnssýslur	0	1	0	0	1	
Skagafjarðarsýsla	0	1	0	0	1	
Eyjafjörður án Akureyrar	0	0	0	0	0	
Akureyri	1	1	0	0	2	
Þingeyjarsýslur	2	2	0	0	4	vaxtarsvæði
Austurland norðan Fagradals	0	1	0	0	1	
Austurland sunnan Fagradals	0	1	0	0	1	
Skaftafellssýslur	2	2	3	3	10	mikið vaxtarsvæði
Vestmannaeyjar	0	0	0	0	0	
Rangárvallasýsla	2	2	1	1	6	verulegt vaxtarsvæði
Árnessýsla	2	2	2	1	7	verulegt vaxtarsvæði

Tafla 7 Stigun vaxtarsvæða

Heimild: Byggðastofnun 2020

Fylgiskjal 2

Greiningar frá ráðuneytum og svör við spurningum starfshóps

Heilbrigðisráðuneytið

Heilsugæsla

Nú eru 24.044 manns skráðir á heilsugæslustöð HSS og miðað við skráðan íbúafjölda þá eru um 3.069 skráðir annars staðar.

- Það að ákveðinn hluti íbúa Suðurnesja velur að vera skráður annars staðar hefur ekki nein afgerandi fjárhagsleg áhrif fyrir stofnunina. Heilbrigðisstofnunin fær greitt fyrir skráða íbúa og þarf rekstrareiningin (umfang hennar og þjónusta) að miðast við þann fjölda en ekki hversu margir búar á svæðinu. Tökum sem dæmi að ef íbúi sem skráður er annars staðar velur að koma í eina og eina komuheimsókn á heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þá flyst greiðsla frá höfuðborgarlíkaninu til Suðurnesja. Sama á við ef aðili skráður á Suðurnesjum velur að fara í komuheimsókn á höfuðborgarsvæðinu, þá flyst greiðsla frá Suðurnesjum til höfuðborgarlíkans. Fjármagnið fylgir sjúklingi, þannig að fulls jafnræðis er gætt. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) sinnir heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi sínu á Reykjanesi. Þar er lögð áhersla á að veita fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu og gegnir heilsugæslan þar lykilhlutverki.
- Auk þess er á sjúkrasviði HSS í Reykjanesbæ legudeild með 33 rúmum, slysa- og bráðamóttaka er opin allan sólarhringinn og einnig er rekin þar ljósmæðrastýrð fæðingarþjónusta.
- Sérstakar fjárveitingar undanfarinna ára til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sýna að leitast hefur verið við að mæta þeim áskorunum sem þar hafa verið uppi, s.s. sérstakt framlag til að styrkja heimahjúkrun, tímabundið framlag til að styrkja rekstur, framlag til eflingar heilsugæslusviðs og sérstök fjárveiting til að styrkja stofnunina vegna falls flugfélagsins Wow air. Raunhækkun fjárframlags til HSS frá árinu 2014 til fjárlaga ársins 2020 er 22%.
- Hingað til hefur heilsugæslan verið fjármögnuð með fastri fjármögnun og hafa fjárveitingar milli ára þróast í takt við vaxandi áskoranir, þó innan ramma fjárlaga hverju sinni.
- Unnið er að þróun fjármögnunarkerfis til heilsugæsluþjónustu á landsbyggðinni og mun það taka gildi í ársbyrjun 2021. Hið nýja fjármögnunarlíkan byggist á því að fjármagn til rekstrar hverrar heilsugæslustöðvar endurspeglar þann sjúklingahóp sem viðkomandi

stöð þjónar. Fjárheimildum er m.a. úthlutað samkvæmt áætluðu þjónustumagni á hvern einstakling út frá einkennum hans. Kerfið tekur einnig tillit til lýðfræðilegra aðstæðna einstaklinga sem skráðir eru á heilsugæslustöð.

- Þegar rýnt er í fjárlagafrumvarpið og reiknað út framlag til stofnunarinnar á íbúa kemur í ljós að það er lægst á Suðurnesjum miðað við hin heilbrigðisumdæmin fimm. Slíkt kemur ekki á óvart þar sem framlögin byggjast á fleiri þáttum en einungis íbúafjölda á hverjum stað. Víða er um að ræða rekstur á litlum einingum á dreifbýlum svæðum sem taka til sín meiri kostnað en stærrí og hagkvæmari einingar. Auk þess þurfa sumar stofnanir að vera nær sjálfbærar með þá þjónustu sem veitt er, þar sem langt er í þjónustuveitendur á herra þjónustustigi. Í raun má segja að heilbrigðisþjónusta á Suðurnesjum svipi að mörgu leyti meira til heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu heldur en dreifbýlisþjónustu.
- Þann 2. apríl samþykkti ríkisstjórnin að veita Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 40 m.kr. auka fjárveitingu til að efla ýmsa þætti í þjónustu sinni og laga hana að breyttum þörfum og aðstæðum íbúa vegna stóraukins atvinnuleysis á svæðinu.

Hjúkrunarrými

- Þegar borinn er saman fjöldi hjúkrunarrýma milli heilbrigðisumdæma, er rétt að nota þá aðferð að telja fjölda hjúkrunarrýma á hverja 1000 íbúa 80 ára og eldri. Aldurssamsetning Suðurnesja er á þá leið að meðalaldur er lágur en þrátt fyrir það eru, skv. tölum frá 2018, fæst hjúkrunarrými á Suðurnesjum miðað við hin umdæmin.
- Við þeirri stöðu hefur verið brugðist með undirritun samnings um stækkun hjúkrunarheimilis að Nesvöllum um 60 rými (þar af 30 ný rými) og verða þau komin í rekstur árið 2023. Þó má geta að mannfjöldaspár til ársins 2023 gera ráð fyrir tiltölulega hægri fjölgun aldraðra á Suðurnesjum í ljósi aldurssamsetningar samfélagsins.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Framhaldsskólar:

- Umræða hefur verið um að takmarkanir á aðgengi 25 ára og eldri að framhaldsskólanámi hafi haft neikvæð áhrif á Suðurnesjum. Nægt rými er í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og engum umsóknum um skólavist þar hefur verið hafnað á grundvelli aldurs umsækjenda.
- Framlögum til framhaldsskólanna er dreift í gegnum svokallað reiknilíkan framhaldsskóla, auk sértækra framlaga, s.s. vegna nemenda með íslensku sem annað móðurmál. Það er enn í þróun en flestir þættir

Þess hafa þó komist til framkvæmda. Líkanið er samsett af fjórum þáttum:

1. Framlag til náms og kennslu á ólíkum námsbrautum sem eru verðmetnar á grundvelli launa, hópastærða, aðstöðu og þörf fyrir tæki.
 2. Þjónustuframlag, til að koma til móts við nemendur með mismunandi þjónustuþörf
 3. Útskriftarframlag
 4. Önnur framlög
- Reiknilíkanið byggist á nemendafjölda á námsbrautum til þriggja ára og tekur því ekki beinlínis tillit til áætlana um mannfjöldapróun en nemendafjöldi speglar íbúafjölda væntanlega að vissu leyti.
 - Fjölbrautaskóli Suðurnesja fær ekki lægri fjárveitingar en aðrir sambærilegir framhaldsskólar. Rekstur Fjölbrautaskóla Suðurnesja er sterkur, fjárhagsstaða hans góð í lok árs 2019 og fjármagn ekki fullnýtt. Áætlanir um nemendafjölda í skólanum skv. fjárlögum eru:

Ár	Nemendafjöldi
2016	833
2017	876
2018	832
2019	823
2020	830

Tafla 8 Nemendafjöldi Fjölbrautaskóla Suðurlands 2016–2020

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

- Fjárlög 2020 gera ráð fyrir 1.480,6 milljónum króna til skólans sem reiknast 1.783,9 þúsund krónur á nemanda í fullu námi.
- Fjárframlög til framhaldsskólastigsins hafa farið hækkandi undanfarin ár og fjárframlög til Fjölbrautaskóla Suðurnesja hafa aukist um rúm 20% milli árana 2019 og 2020.
- Fjöldi nemenda í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu með lögheimili á Suðurnesjum er 353 af 1.213 framhaldsskólanemendum á svæðinu. Aldursdreifing er ólík milli nemenda af Suðurnesjum eftir því hvort þeir stunda nám í FS eða í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur sem stunda nám í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu eru á mun breiðara aldursbili og að meðaltali nokkuð eldri. Nemendur af Suðurnesjum í FS eru meira á því sem má kalla „hefðbundnum“ framhaldsskólaaldri. Helmingur nemenda sem sækir framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu er í starfsnámi.

Keilir

- Tap hefur verið á rekstri Keilis og var árið 2019 sérlega erfitt félaginu. Nú eru til meðferðar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu fjölmörg erindi Keilis um auknar fjárveitingar. Niðurstaða er væntanleg innan tíðar.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

- Umræða hefur verið um að rekstur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) sé og hafi verið í járnnum frá því eftir efnahagshrunið og því nauðsynlegt að tryggja varanlega aukningu á fjárveitingum. Í því samhengi er rétt að geta þess að eigið fé MSS var í árslok 2018 jákvætt um 147.249.243 m.kr. Af þeim sökum er ekki hægt að taka undir að rekstur MSS sé í járnnum. Afar vel er staðið að rekstri MSS og fjármálastjórn sterk. Á árinu 2019 var MSS falinn umtalsverður hluti þeirra aðgerða sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir og gripið var til á Suðurnesjum í kjölfar gjaldþrots flugfélagsins Wow air vorið 2019.

Félagsmálaráðuneytið

Húsnæðismál

- Meginmarkmið opinberrar stefnu í húsnæðismálum er að tryggja húsnæðisöryggi allra landsmanna. Í því felst m.a. að stuðla að því að á hverjum tíma sé hæfilegt framboð af hentugu húsnæði sem mætir ólíkum þörfum fólks, efnum og aðstæðum og að veita fjárhagslegan stuðning þeim sem þurfa með.
- Stjórnskipulagi húsnæðismála er lýst í lögum um húsnæðismál og lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er meðal annars að stuðla að því að jafnvægi ríki á húsnæðismarkaði, m.a. með húsnæðisstuðningi, lánveitingum, rannsóknnum, upplýsingagiöf, áætlanagerð og eftirliti. Þá skal stofnunin vera ráðgefandi fyrir ráðherra og önnur stjórnvöld í húsnæðismálum. Samkvæmt lögum um húsnæðismál bera sveitarstjórnir ábyrgð og hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun.

Vinnumarkaður og starfsendurhæfing

- Vinnumálastofnun deilir fjármagni til vinnumarkaðsúrræða til þjónustuskrifstofa sinna sem eru samtals átta, eftir ákveðnu líkani. Líkanið tekur miða af fjölda í atvinnuleit á hverju svæði, fjölda íbúa á svæðinu, ásamt því að haft er til hliðsjónar hve margir eru komnir í langtímaatvinnuleysi.
- Lög um vinnumarkaðsaðgerðir gilda þar um en samkvæmt lögnum er átt við vinnumiðlun, mat á hæfni atvinnuleitanda og skipulag úrræða sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitanda.

- Í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir er jafnframt kveðið á um starfsemi Vinnumálastofnunar og um vinnumarkaðsráð. Markmið laganna er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Í lögnum felst einnig að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu.
- Tekið er mið af fjölda nýrra umsókna um greiðslur atvinnuleysistrygginga, fjölda þeirra sem koma á skrifstofu til að fá þjónustu o.s.frv.
- Fjárveitingar til þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum til vinnumarkaðsúrræða voru stóruáuknar sl. tvö ár til að mæta þeirri þróun sem þar hefur orðið. Þær fjárveitingar hafa komið að miklugagni. Í fyrsta lagi var fjölgað samtals um þrjá starfsmenn á skrifstofunni, fjármagn til vinnumarkaðsúrræða var ekki fullnýtt og verður því að telja að það hafi verið nóg. Jafnframt er unnið að því að stækka húsnæði starfseminnar.

Dómsmálaráðuneytið

Löggæsla og sýslumenn

- Á umliðnum árum hefur ekki verið mikið svigrúm til aukinna fjárveitinga á málefnasviðum dómsmálaráðuneytis. Ekki er stuðst við reiknilíkan við úthlutun fjárveitinga til löggæslumála. Fjárveitingar hafa þó verið auknar við landamæravörslu á Keflavíkurflugvelli, auk þess sem lögregluumdæmið hefur verið eftt í tengslum við rannsóknir á kynferðisbrotum. Umtalsverð viðbót í fjárveitingum til embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum, umfram það sem fengist hefur til eflingar lögreglunnar á landsvísu almennt, hefur því byggt á auknu umfangi í verkefnum embættisins, en sú aukning tengist beint og óbeint þróuninni í íbúafjölda.
- Dómsmálaráðuneytið er þeirrar skoðunar að fjárveitingar séu ekki nægjanlegar þegar kemur að þjónustu stofnana ráðuneytisins við íbúa svæðisins. Þetta á sérstaklega við um embætti sýslumannsins á Suðurnesjum. Nú er unnið að því að auka fjárveitingar til embættisins sem munu að verulegu leyti taka tillit til þeirrar íbúafjölgunar sem orðið hefur á svæðinu, sem og hvernig íbúasamsetningin hefur verið að þróast. Fjölgun íbúa og samsetning hefur fært embættinu aukin og flóknari verkefni undanfarin misseri. Þá liggur fyrir að efla þarf almenna löggæslu á svæðinu, en í forgangi hefur verið að efla rannsóknardeildir hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum eins og annars staðar á landinu.
- Það hafa því miður ekki verið forsendur í fjármálaáætlun málefnasviða ráðuneytisins að bregðast sérstaklega við íbúapróun á Suðurnesjum frekar en annars staðar að öðru leyti en að ofan er rakið.

- Reynt er eftir fremsta megni að úthluta auknum fjárveitingum í samræmi við aukin verkefni viðkomandi stofnana, en ekki í beinu hlutfalli við íbúabróun. Þannig er reynt að jafna verkefnaálag milli sambærilegra stofnana, þannig að þjónustan verði sambærileg alls staðar á landinu.

Samgönguráðuneytið

Samgöngumál

- Fjármagni til verkefna er forgangsraðað með hliðsjón af markmiðum samgönguáætlunar og undanfarin ár hefur verið forgangsraðað í þágu öryggis. Þar ræður umferðarþungi, slysatíðni o.fl. miklu. Að auki hafa atvinnusjónarmið ráðið nokkru um forgangsröðun, t.d. til uppbyggingar hafna og einnig í þágu ferðaþjónustu.
- Að því leyti sem umferðarþungi hefur kallað á hefur ráðuneytið tekið tillit til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað á Suðurnesjum, en í því hefur aukning í komu ferðamanna vegið þung.

Vegaframkvæmdir	Samtals	2020	2021	2022	2023	2024
Reykjanesbraut: Krýsuvíkurvegur - Hvassahraun	2.850	110	1.000	1.740		
Reykjanesbraut: Tenging við Álhellu	150	150				
Bláfjallavegur og Bláfjallaleið	50	50				
Hafnarframkvæmdir						
Sandgerði - dýpkun	7,3	7,3				
Reykjaneshafnir - Keflavík og Njarðvík, tjónav.	34,3	34,3				
Grindavík - dýpkun við Miðgarð	7,3	7,3				
Sandgerði - endurbygging Suðurbryggju, seinni áfangi	102,8				30,2	72,6
Sandgerði - rannsóknir - hafnaskipulag og öldurannsóknir	3	3				
Grindavík - sjövn - Móakot, framlenging af sjövn við Gerðistanga	16,9			16,9		
Grindavík - sjövn - Ísólfsskáli, ýta upp malarkambi	3			3		
Grindavík - sjövn - austan hafnar, endurbygging og styrking	17,5					17,5
Suðurnesjabær - sjövn - frá Skinnalóni að Nýlendu	25	25				
Suðurnesjabær - sjövn - Nesjar, norðan Nýlendu	11,2	11,2				
Suðurnesjabær - sjövn - við Garðaveg 5, endurbygging og lenging	10,8	10,8				
Suðurnesjabær - sjövn - milli Arnarhóls og Norður-Flankastaða	16,7			16,7		
Suðurnesjabær - sjövn - frá Byggðasafni að Garðshöfn, styrking	13,7			13,7		
Suðurnesjabær - sjövn - við Sjávangötu	11,1					11,1
Vogar - sjövn - Breiðagerðisvík	23				23	
Samtals	3.353,6	408,9	1.000,0	1.790,3	53,2	101,2

*fjármögnun 2021-22 um flýtingu Reykjanesbrautar: Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun ekki lokið

Tafla 9 Vega- og hafnarframkvæmdir á áætlun 2020-2024

Heimild: Samgönguráðuneyti

- Ráðist hefur í mjög umfangsmiklar fjárfestingar á Keflavíkurflugvelli sem er alfarið í eigu ríkisins, en er ekki á fjárlögum. Þá eru miklar framkvæmdir fyrirhugaðar á næstu 10 árum á Reykjanesbraut þar sem

áætlað er að akstursstefnur verði aðskildar að fullu frá flugstöð inn á höfuðborgarsvæðið.

ISAVIA

- Sem hluta af aðgerðapakka vegna Covid-19 hefur fjármála- og efnahagsráðherra ákveðið að auka við hlutafé Isavia ohf. um 4 milljarða króna með því skilyrði að félagið ráðist í innviðaverkefni á Keflavíkurflugvelli strax á þessu ári, <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/07/Aukin-fjarfesting-a-Sudurnesjum-/>. Þær eins og aðrar framkvæmdir Isavia á Keflavíkurflugvelli verða til viðbótar við aðgerðir samgönguáætlunar.
- Öll þessi verkefni voru á áætlun þó endanleg ákvörðun og tímasetning hafi ekki legið fyrir. Vegna Covid-19 var fyrirsjáanlegt að fresta þyrfti þessum framkvæmdum en með hlutafjárukningunni var þess í stað hægt að flyta þeim.
- Framkvæmdir felast í breikkun landgangs (undirbúningur, forathugun og frumdrög eru búin). Næst er forhönnun og séruppdrættir sem er hluti af hlutafjárukningu. Fyrirhugað að bjóða út framkvæmd á næsta ári. Fjórar Apron Boarding Stations (ABS) í vinnslu – húsin verða tilbúin í júní. Landgöngubrýr koma um mánaðarmót júní/júli.

	2020												2021											
	júní	júlí	ágúst	september	október	november	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	október							
Viðhald á flugbrautarkerfi áætluð í júní – október 2020																								
Viðhald á akbrautum áætluð í ágúst 2020																								
Ný akbraut – Parallel Echo áætluð ágúst 2020 – október 2021																								
Ný flýtirein inn á nýja akbraut áætluð júní 2021 – október 2021																								
Ný akbraut November 6 áætluð ágúst 2020 – júní 2021																								
Ný akbraut Sierra – Tango áætluð ágúst 2020 – júlí 2021																								
Hringtenging akstursleiða áætluð ágúst – desember 2020																								
Færsla á bilastæðum – færa rústæði v. SLN18 og endurskipuleggja núverandi bilastæði farþega áætluð ágúst																								
Nýr þjónustuvegur – landsíða (verktakavegur) áætluð ágúst 2020 – desember 2020																								

Tafla 10 Verkefnaáætlun framkvæmda ISAVIA 2020-2021

Heimild: ISAVIA